1. TÖLUBLAÐ • NÓVEMBER 2023

Kraftaverk

Betra líf



„Ég hef alveg rifið kjaft við Guð“

Einkaviðtal

Sigríður Guðnadóttir

Ávarp frá Biskupi Íslands

Kraftaverk
Betra líf

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Eiríkur Sigurbjörnsson
Auglýsingasala: Omega
Útgefandi: Sólartún ehf.

Ljósmyndari: Kazuma Takigawa
Forsíðumynd: Kazuma Takigawa
Blaðamenn: Reynir Traustason og Svava Jónsdóttir

EFNISYFIRLIT

Orð ritstjóra 2
Ávarp biskups Íslands 4
Sálmur 121 5
Viðtal - Kaþólskum fjölgar mjög mikið 6
Forsíðuviðtal - Sigríður Guðnadóttir 12
Viðtal - Guðrún Margrét Pálsdóttir 22
Viðtal - Eiríkur Sigurbjörnsson 26
Hvítasunnusöfnuður - Aðsend grein 34
Uppáhaldsbænin 38
Umfjöllun um Friðfinn Frey Kristinsson 40
Lykilhlutverk Íslands 44
Séra Pétur Þorsteinsson - Aðalsyndin 46
Drengurinn læknaðist 50
Billy Graham og Albert Einstein 52
Eiríkur Magnússon - Yfirgaf öryggið 54
Sagan um Betty Baxter 58

Orð ritstjóra

Ágæti viðtakandi.

Í þessu blaði eru viðtöl við fólk úr ýmsum stéttum þjóðfélagsins og úr kristnum samfélögum. Allt á það fólk sameiginlegt að hafa upplifað styrk frá Guði til að komast áfram í lífinu.

Sagan af Betty Baxter er einstök. Hún þurfti frá fæðingu að þola miklar þjáningar og ganga í gegnum miklar raunir, en hún gafst ekki upp. Frásögn hennar hefur kallað fram tár frá lesendum um allan heim.

Guð er megnugur öllum þeim sem treysta honum.

Ég treysti því að þetta blað verði þér til blessunar og uppörvunar og hvatning til að setja traust þitt á lifandi Guð sem sendi Jesú Krist í þennan heim til að gefa líf sitt á krossinum á Golgata svo við gætum átt eilíft líf með honum.

Það segir í litlu Biblíunni (Jóhannesarguðspjall 3.16): „Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.“

Það er von mín að við getum haldið áfram að gefa út uppbyggilegt tímarit sem inniheldur fagnaðarerindið og góða vitnisburði til landsmanna.

Með bestu kveðju,

Eiríkur Sigurbjörnsson

Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfu Kraftaverks:

Happdrætti Háskóla Íslands

Kirkjan

Óháði söfnuðurinn

Biskupsstofa

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

Tækniskólinn




Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og glata sálu sinni?

Kristin trú er samfélagstrú. Við komum saman í Jesú nafni og þar er Jesús mitt á meðal okkar eins og hann segir sjálfur: „Því að hvar sem tveir eða þrír eru saman komnir í mínu nafni þar er ég mitt á meðal þeirra.“ Matt. 18:20.
Þess vegna eru byggðar kirkjur. Þær eru flestar auðfundnar þar sem byggingarlag þeirra flestra bendir ekki til þess að þar búi fólk og vegna þess að á þeim flestum er kristinn kross. Krossinn er þannig að lárétti ásinn ber uppi lóðrétta ásinn sem er fyrir ofan miðju þess lárétta. Þessum krossi svipar til þess þegar maður réttir út hendur sínar til hliðanna. Krossinn bendir bæði upp til Guðs og út til náungans. Hann er sem útfærsla á orðum Ritningarinnar um að elska Drottin, Guð, af öllu hjarta, allri sálu, öllum huga og öllum mætti náungann eins og sjálfan sig. Þessi orð Jesú eru tilvitnun í Orð 4. og 5. Mósebókar og eru nefnd tvöfalda kærleiksboðorðið. Jakob postuli útfærir þetta boðorð í bréfi sínu þegar hann segir: „Eins og líkaminn er dauður án anda, eins er og trúin dauð án verka.“ Jak. 2:26

Trú og verk fara saman. Við sýnum trú okkar í verki. En það er líka til fólk sem segist ekki vera trúað eða ekki kristið sem sýnir mikla góðmennsku í verki. Skiptir þá trúin einhverju máli í þessu samhengi? Og hvað er trú? Trú er að treysta. Treysta Guði fyrir sér og sínum. Treysta sjálfum sér til góðra verka. Treysta því að náunginn sé traustsins verður. En fyrst og fremst snýst trúin um að vera meðvituð/aður um að ég er barn þess Guðs sem Jesús birti og boðaði og að mér hafi verið ætlaður sá tilgangur í lífinu að ganga fram sem kristin manneskja með öllu því sem fylgir.

Eins og lárétti ásinn ber uppi lóðrétta ás krossins fáum við allt sem við þurfum frá Guði. Við fáum lífið frá Guði og Guð tekur aftur líf okkar þegar okkar tími er kominn hér í heimi. Hið veraldlega getur aldrei verið slitið í samhengi þess andlega og hið andlega getur ekki verið slitið úr samhengi þess veraldlega. Þess vegna er gott að hugleiða orð Jesú. „Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og glata sálu sinni?“ Matt. 16:26

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands



Svava Jónsdóttir



Kaþólskum fjölgar mjög mikið,
einkum vegna innflytjenda

David Tencer er frá Slóvakíu og er meðlimur Kapúsína-reglunnar og er í dag Reykjavíkurbiskup rómversk-kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. „Ég sé að kaþólskum fjölgar mjög mikið, einkum vegna innflytjenda, en til að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu getur kaþólska kirkjan hjálpað mikið," segir biskupinn sem segir að á milli skyldustarfa sé nógur tími til dæmis til að hvílast, fara í sund, hjóla og veiða fisk. Svo segist hann geta horft aftur og aftur á kvikmyndina La vita e bella og dönsku kvikmyndina Adams æbler. Þá les hann gjarnan bækur til dæmis eftir Graham Greene, G.K. Chesterton og Bruce Marshall. Halldór Laxness er líka á meðal uppáhaldsrithöfunda hans.

Lítill drengur fæddist í Slóvakíu árið sem lagið She Loves You með Bítlunum sló í gegn sem og Ring of Fire með Johnny Cash og Surfin U.S.A. með Beach Boys. Hann er nú sextugur og hefur búið á Íslandi frá árinu 2004.

„Slóvakía er lítið land í Mið-Evrópu og er um helmingurinn af flatarmáli Íslands og eru íbúar þar tæplega sex milljónir. Ég er frá lítilli en mjög gamalli borg sem heitir Nova Bana eða „Nýja náma" en í gamla daga voru gullnámur í borginni. Ég er úr trúaðri kaþólskri fjölskyldu og á níu systkini og er sá sjöundi í röðinni. Það var stundum erfitt að sýna trú sína opinberlega á tímum kommúnista. Til dæmis var pabbi, sem var kennari við verkmenntaskóla, rekinn úr starfi þegar ég fór í prestaskóla og hélt hann áfram að starfa við skólann sem verkamaður. En æska mín var samt mjög gleðileg vegna þess að foreldrar mínir elskuðu hvort annað og gerðu allt fyrir fjölskyldu sína.

Þau lögðu mikla áherslu á menntun barna sinna og hvöttu okkur til að lesa mikið og vera dugleg við námið og það tókst því að öll systkinin luku háskólanámi. Auðvitað vildi ég í barnæskunni gera margt; ég vildi til dæmis verða hirðir af því að nálægt húsi okkar var bóndabær með sauðfé og mér fannst gaman að hugsa um húsdýr."

Munkur í Kapúsína-reglunni

Fjölskyldan fór á hverjum sunnudegi í messu og segir David að dagleg bæn hafi verið sjálfsagður hlutur. „Í sókn okkar voru alltaf mjög góðir prestar þannig að þegar ég var að hugsa um framtíðina þá var prestdómurinn alltaf einn af þeim möguleikum sem komu til greina. Ég sá með hve miklu trausti foreldrar mínir sneru sér til Guðs. Hann var í huga mínum sífellt eins og einhver sem var alltaf að hjálpa, styðja og styrkja."

Og í huga drengsins var trúin leið til að komast í samband við Guð.

David er spurður hvenær hann hafi fengið köllun um að verða prestur.

„Ég lifði trú mína alltaf í samfélagi við aðra trúaða, fyrst fjölskylduna, þá unglingahóp í sókninni, samfélag messuþjóna, unglingakór í kirkjunni og svo framvegis. Ég taldi mig aldrei hafa meiri trú en hinir. Guð leiddi okkur unglingana með sömu trú en í mismunandi áttir og að öðrum markmiðum. Til dæmis eru nokkrir vinir mínir frá barnæsku líka prestar. Aðrir eru kennarar, læknar eða verkamenn og stundum hittumst við þegar ég er heima og ég gleðst yfir því að sjá að allir halda þeir áfram að vera sterkir í trúnni."

David fór í guðfræði eftir menntaskólanám og segir hann að guðfræði hafi einungis verið kennd í Bratislava. „Þegar ég fékk upplýsingar um að umsókn mín hafi verið samþykkt þá varð ég mjög glaður og árið 1981 hóf ég þar nám."

Hann segir að kaþólskt guðfræðinám sé svolítið öðruvísi heldur en guðfræðinám hér á landi. „Að sjálfsögðu eru mörg námskeið svipuð - svo sem trúfræði, Biblíufræði, siðfræði og kirkjulög - en mikil áhersla er lögð a mótun af því að í prestdómi er mikilvægt ekki bara hvað presturinn prédikar heldur hvernig hann sjálfur er.

Á þessum tíma var guðfræðinámið í tíu misseri eða fimm ár. Allir nemendur bjuggu á heimavist, sem er kallað „seminar", þar sem



Vígsla Þorlákskirkju á Reyðarfirði.

var skipulögð dagskrá fyrir allan daginn. Fyrst voru námskeið og einnig var alltaf tími til persónulegrar bænar og stutt frí til að til dæmis hvílast eða fara í fótbolta, borðtennis eða taka þátt í kóræfingum."

Nemendur hjálpuðu til í eldhúsinu og skúruðu og segir David að það hafi verið nauðsynlegt þar sem nemendur hafi verið rúmlega 100 og að tilvonandi prestar hafi átt að skilja að þeir eigi að þjóna en ekki að láta aðra þjóna sér.

David var vígður til prests árið 1986. „Þegar tími kommúnista leið undir lok árið 1989 opnuðust nýir og góðir möguleikar fyrir kirkjuna. Kirkjulífið blómstraði og þá birtust aftur munkar og nunnur og á þessum tíma bað ég um leyfi til að gerast munkur í Kapúsína-reglunni. Kirkjan svaraði nýjum áskorunum meðal annars með því að senda reiðubúna til trúboðsstarfa."

Sama gæska

Og leiðin lá til Íslands.

„Við munkar höfðum komist í samband við Jóhannes Gijsen, biskup á Íslandi, sem tók okkur mjög vel og bauð okkur að hjálpa í biskupsdæmi hans. Ég kom til Ísland árið 2004 og byrjaði að læra íslensku en strax var talað um að við ættum að starfa á Austurlandi. Biskup sendi okkur þangað árið 2007 og við vorum settir niður á Kollaleiru í Reyðarfirði og formlega var ný sókn sett á stofn 2007."

David segir að frá upphafi hafi verið tekið vel á móti honum og bræðrum hans. „Fólk var mjög opið fyrir því að hjálpa okkur og allir tóku því með skilningi að við vorum útlendingar.

Frá fyrsta degi var líka mjög góð samvinna við lútersku prestana á staðnum og vinátta þeirra fylgir mér enn í dag."

Hann segir að allt sé frábrugðið þegar Slóvakía og Ísland eru borin saman. „Raunverulega allt! Öðruvísi náttúra, öðruvísi menning og annað tungumál en það sem er mikilvægt er sama gæska í hjörtum manna."



David Tencer og Frans páfi.

Svo varð David Reykjavíkurbiskup rómversk-kaþólsku kirkjunnar á Íslandi. Hvað þýðir það fyrir hann?

„Fyrrverandi Reykjavíkurbiskup, Peter Bürcher, baðst leyfis frá störfum af heilsufarsástæðum og ég hlaut útnefningu frá Frans páfa að ég skyldi verða nýr Reykjavíkurbiskup. Fyrst og fremst var ég mjög hissa en í dag er ég mjög þakklátur fyrir það.“

Reykjavíkurbiskupinn er spurður um áherslur í starfi.

„Ég sé að kaþólskum fjölgar mjög mikið, einkum vegna innflytjenda, en til að hjálpa þeim að aðlagast samfélaginu getur kaþólska kirkjan hjálpað mikið. Sérstaklega við sem þjónum í kirkjunni þurfum fyrst og fremst að taka á móti landi og fólki eins og það er og hjálpa öðrum að aðlagast.“

Rúmlega 15.000 manns

David segir að stundum segi fólk að það að vera meðlimur samfélagsins á Íslandi sé ekki svo einfalt vegna trúarinnar. „Kaþólskir á Íslandi eru ekki svo margir og stundum er erfitt að nálgast kirkjuna, sækja messur og ná sambandi við presta. Því hugsum við mikið um það hvernig við getum bætt starf okkar í þágu fólks okkar og allra annarra hér á landi.“

Hann segir að formlega séu rúmlega 15.000 manns skráðir í kaþólsku kirkjuna á Íslandi. „En ef allir sem eru kaþólskir lýstu því yfir að þeir séu kaþólskir þá gætu þeir verið nærri 40.000 til 50.000 hér á landi. Formlega erum við í átta söfnuðum á landinu öllu og samkvæmt tölfræðinni gætum við verið frá fleiri en 100 löndum en það er í lagi vegna þess að „katholikos“ á grísku þýðir „almennur-“ eða „alþjóða-““.

David er spurður hvaða máli það skipti hann að þjóna á þennan hátt; að vera prestur og síðar biskup.

„Að þjóna hér á landi er svolítið öðruvísi heldur en í Slóvakíu. Hversdagsleg samskipti á milli prests og sóknarbarna er miklu mikilvægara hér heldur en í Slóvakíu. Vægi orðanna er afstætt vegna þess að ekki tala allir íslensku og skilja hana. Við kaþólskir hér á landi erum ekki tengdir vegna tungumála, menntunar, menningar eða þjóðernis heldur einungis í okkar kaþólsku trú. Til að verða virkari verðum við að verða enn kaþólskari.“

Hvað er Guð í huga hans?

„Maðurinn veit ekki mikið um Guð en mikilvægara er að Guð veit allt um manninn. Þetta er fyrir mér grundvallaratriði í sambandi við Guð.“

Hvað er svo trúin í huga hans?

„Ég tek trúna ekki eins og kerfi takmarkana heldur er hún fremur eins og leiðarvísir sem sýnir mér hvað er gott og hvaða möguleika ég hef en hún lætur mig um að taka ákvarðanir í frelsi.“

David lítur á starfið sem köllun. „Það þýðir að ég elska að vera munkur, prestur og biskup.“

Tekur starfið eitthvað frá honum?

„Ég lít ekki á það eins og ég verði að fórna einhverju af því að ég sé að Guð er svo gjafmildur við mig. Það sem ég þarf að fórna er bara „smápeningar“.“

Kaþólskir prestar mega ekki eiga maka. Er einhver eftirsjá að hafa ekki eignast maka og jafnvel börn?

„Já, þetta er hluti af lífsstíl rómversk-kaþólskra presta – til dæmis geta grísk-kaþólskir prestar kvænst – en maður á að vera meðvitaður um hvað maður er að fara að gera og að sjálfsögðu kostar það stundum eitthvað.“

Adams æbler og Halldór Laxness

Reykjavíkurbiskupinn á sér líf fyrir utan starfið. Köllunina. Embættið.



HVÍTASUNNUKIRKJAN
Í KEFLAVÍK
Samkomur

Allir Viðburðir
KEFLAVIKGOSPEL.IS

Jesús Kristur er svarið

SAMKOMUR ALLA SUNNUDAGA KL.11.00.
BÆN OG LOFGJÖRÐ ÞRIÐJUDAGA KL. 17.00
OG FÖSTUDÖGUM KL. 20.00.



Blessun Barböru-styttu hjá Norðfjarðargöngum.

„Stundum segja menn: „Ó, hvað mikið hvílir á herðum þínum, hve mikla ábyrgð hefur þú!“ En það er ekki alveg þannig. Biskupinn vinnur með samstarfsfólki sínu og svo er á milli skyldustarfa nógur tími til dæmis til að hvílast, fara í sund, hjóla, lesa eða veiða fisk.“

Hver er uppáhaldskvikmyndin og uppáhaldsrithöfundurinn?

„Það er erfitt að nefna eina kvikmynd en aftur og aftur horfi ég gjarnan á La vita e bella eða Adams æbler. Ég les gjarnan aftur og aftur bækur eftir Graham Greene, G.K. Chesterton eða Bruce Marshall og Halldór Laxness er mér líka hjartfólginn.“

Hvað með uppáhaldstónlistarmanninn eða -hljómsveitina?

„Ég hlusta gjarnan á tónlist sem er ætluð börnum og barnasálma vegna þess að tónlistin er einföld og boðskapurinn auðskilinn.“

Og svo er Reykjavíkurbiskupinn spurður um uppáhaldsbænina.

„Að sjálfsögðu eru það allar þær bænir sem við kaþólskir notum svo sem Faðirvorið, Maríubænin, bæn til verndarengils og Rósakransbænin. Ég elska að sitja á kvöldin í kapellunni hér á biskupsstofunni og tala við Guð með mínum eigin orðum.“



„Maðurinn veit ekki mikið um Guð, en mikilvægara er að Guð veit allt um manninn. Þetta er fyrir mér grundvallaratriði í sambandi við Guð.“



Hressandi föstudagar

Catch the Fire Reykjavík - *Kirkja kærleikans*

19:00 Frír kvöldverður
20:00 Lifandi tónlist,
uppörvandi boðskapur,
nærandi og kærleiksríkt umhverfi.

Allir hjartanlega velkomnir :)

Safnaðarheimili Grensáskirkju • Háaleitisbraut 66

Svava Jónsdóttir
Myndir / Kazuma Takigawa

Ég hef alveg rifið kjaft við Guð

Sigríður Guðnadóttir, Sigga Guðna, sótti frá unga aldri samkomur í Fíladelfíu og síðar Krossinum og segir að bænin sé það sterkasta í lífi sínu. Skólafélagar lögðu hana í einelti þar sem hún gekk í pilsum eins og aðrar stúlkur og konur sem tilheyrðu Krossinum. Tónlistin er henni í blóð borin og hún sló í gegn með laginu Freedom, sem hún söng með Jet Black Joe, og það tók á að vera þekkt og kjaftasögurnar grasseruðu. Í dag er Sigga mikil fjölskyldukona sem vinnur sem fasteignasali og nýtur þess að syngja. Hún hefur fundið sína rödd í fleiri en einum skilningi.



Sigríður Guðnadóttir, Sigga Guðna, fæddist og ólst upp í Hafnarfirði og er yngst átta systkina og þar af er ein hálfsystir sem er elst.

„Ég átti rosalega góða æsku og á bara góðar minningar frá því ég ólst upp. Pabbi og mamma voru með sælgætisgerð sem hét Valsa og var mamma heimavinnandi. Hún var lærður kennari en fór að hugsa um börn og bú. Pabbi dó þegar ég var sex ára. Það var rosalegt högg fyrir fjölskylduna. Hann var mikill pabbi og hélt vel utan um allt og allt í einu þurfti mamma að fara að vinna úti, en hún seldi verksmiðjuna, og þurfti hún oftast að vera í fleiri en einu starfi til þesss að halda þessu öllu gangandi enda með fimm börn heima þegar pabbi dó. Mamma var duglegasta, öflugasta og kærleiksríkasta kona sem ég hef nokkurn tíma hitt á minni ævi og stóð hún sig eins og hetja við að halda öllu gangandi. Aldrei skorti okkur neitt.“

Sigga er spurð um sorgina. Sorg lítillar stelpu.

„Ég held ég hafi ekki gert mér grein fyrir sorginni þá en ég gerði mér grein fyrir henni seinna í lífinu. Ég vann aldrei úr því þegar pabbi dó og fór kannski að treysta á fólk sem var ekki treystandi. Karlímyndir í mínu lífi brugðust mér af því að ég var að reyna að leita að þessari pabbaímynd, öryggi, þegar ég var krakki. Og ég finn að ég er ennþá svolítið að díla við það; það er ekkert langt síðan ég fór í rauninni að díla við þessa sorg. Það eru kannski 10 - 12 ár síðan og ég finn það alveg að þetta er mesta sjokk sem barn getur orðið fyrir. Ég var mikil pabbastelpa og allt í einu hvarf ein mikilvægasta manneskja úr lífi mínu og maður situr eftir með tómleikann. Til að vinna í svona sorg þarf að feisa það og í mínu tilfelli hef ég verið að vinna í því með Guðs hjálp og góðra manna. Það hefur hjálpað mér að vera trúuð.“



Hún segist hafa upplifað höfnunartilfinningu í gegnum tíðina og tengir það við föðurmissinn. „Ég held ég hafi upplifað alls konar höfnunartilfinningar í gegnum lífið á svolítið sterkari hátt en þeir sem hafa ekki upplifað missi svona ungir.“

Hún fór ekki í jarðarförina.

„Ég var ofboðslega mikil skotta og það gustaði af mér þannig að mér var ekki treyst til þess að fara í jarðarförina. Ég var mjög aktívt barn.“

Hún talaði um að karlímyndir í lífinu hafi brugðist sér.

„Barn var að leita að viðurkenningu hjá karlímyndum. Þá varð maður uppáþrengjandi. Það er enginn sem getur fyllt skarð pabba manns sem deyr. Ég leitaði eftir öryggi hjá körlum í fjölskyldunni sem þeir gátu ekki veitt mér. Það voru allir yndislegir við mig en það var ekkert skarð fyllt, enda gat það enginn. Litla stelpan var bara að öskra á athygli. Ég held ég hafi oft farið yfir strikið með athyglissýkina á þessum tíma. Ég er með athyglissýki í dag en er meira „down to earth“,“ segir Sigga og hlær.

Hana fór snemma að dreyma um að verða söngkona eða fjölmiðlakona.

„Ég held að hluti af því að vilja verða söngkona tengist föðurmissinum af því að mér fannst gott að fá athyglina og að fólk væri að hrósa mér. „Vá hvað þú syngur vel.“ Maður var alltaf að leita eftir viðurkenningu. Ég hef oft hugsað um hvort þessi þörf fyrir athygli sé hluti af því.“

Allt öðruvísi en hinir krakkarnir

Hún segist hafa verið alin upp í trúnni.

„Ég ólst upp í þessu alveg frá blautu barnsbeini.“

Sigga fylgdi foreldrum sínum í Fíladelfíu og síðar móður á samkomur í Krossinum en móðir hennar var einn af stofnendum Krossins sem var stofnaður þegar Sigga var níu ára.

„Ég var ekkert að spekúlera. Þetta var bara minn veruleiki. Ég man lítið eftir Fíladelfíu-tímabilinu. Ég var það ung. Að mörgu leyti var mjög gott að vera í Krossinum. Þetta var mjög verndað samfélag þannig og þess vegna eru margir af mínum bestu vinum í dag fólk úr Krossinum.

Á þessum tíma gengu konur í Krossinum í pilsi, voru ómálaðar og voru með sítt hár með fullri virðingu fyrir öllu því og það var ekkert flókið fyrir mig. Og ef fólk er að gera hlutina fyrir Guð þá ber ég fulla virðingu fyrir því. En það var mjög erfitt fyrir mig þegar ég mætti í skólann í pilsi. Ég varð ekki fyrir hörðu einelti en það var einelti að vissu leyti ef maður fer að horfa til baka. Ég er bara þannig týpa að mér er alveg sama hvað fólk segir um mig svona oftast þannig að ég var ekki að taka þetta mjög mikið inn á mig. En það voru einhverjar stelpur og einhver hópur sem gerði grín að mér sem er skiljanlegt þegar stelpa með sítt hár mætir í skólann í pilsi. Krakkar eru bara krakkar. En ég átti líka góða vini í skólanum. Ég var allt öðruvísi en hinir krakkarnir. Ég fermdist ekki, ég fór ekki á böll og ég fór í fyrsta skipti í bíó þegar ég var 21 árs; með einni undantekningu þegar ég var 14 ára. Það var ekkert út af því að mamma væri að banna mér það. Ég var bara inni í þessu samfélagi og fólk var ekkert að gera þessa hluti. Ég upplifði aldrei eins og ég hefði misst af einhverju. Ég er að mörgu leyti fegin að ég var ekki að drekka mig fulla niðri í bæ á þessu tímabili þegar maður hafði engan þroska í það. Það var áfangaheimili sem Krossinn rak, og kynntist ég mörgum sem voru að koma sér út í lífið eftir neyslu og slíkt, og þar var strákur sem sagði að ef ég myndi prófa dóp þá yrði ég rosaleg. Ég held að þessi setning hafi haldið mér frá því. Ég var úti um allar trissur að syngja og það var mikið djamm í kringum það en ég prufaði aldrei neitt svona. Ef ég geri eitthvað þá geri ég það af fullum krafti og þegar fólk er brotið í sér þá er auðvelt að fara út í þetta. Maður skilur það.



„Hann er yndislegur og góður maður sem hefur gefið mér það besta sem ég á lífinu, son okkar og stelpurnar okkar.“ (Mynd: Tinna Björt.)

Það var svo mikið af frábæru og yndislegu fólki í Krossinum sem mér þykir svo ofboðslega vænt um. Ég verð pirruð þegar fólk spyr hvað ég hafi verið að spá og hvaða rugl þetta sé; þetta var ekki rugl fyrir okkur. Þetta var gert af heilu hjarta og heilum hug. En að sjálfsögðu komu tímabil í lífi mínu þegar mig langaði ekki til þess að vera í þessu lengur þannig að ég fór úr Krossinum eftir að mikið var búið að ganga á.“

Sigga segist hafa orðið fyrir trúarreynslu á unglingsárunum. „Þá fannst mér ég upplifa nærveru einhvers æðra. Það var einhver tímapunktur þegar ég fattaði að ég tryði; það er erfitt að lýsa því þegar maður upplifir eitthvað svona andlegt. En ég fann það seinna eftir ýmis áföll í fjölskyldunni og var komin úr Krossinum að ég varð að finna trúna upp á nýtt. Mér fannst ég ekki vera trúlaus en ég vissi ekki hverju ég trúði. Þetta var um 10 ára tímabil en ég fann það svo aftur síðar meir að trúin fer ekkert frá mér. Ég held fast í hana og trúi af öllu hjarta.“

Freedom og kjaftasögurnar

Hana dreymdi um að syngja og hún fór að syngja.

„Ég er búin að vera að syngja frá því ég var krakki í kirkjunni. Ég var á sínum tíma í kristnu bandi sem hét Júda, ég söng í undankeppni Eurovision, í Landslaginu og vann einu sinni Hemma Gunn-söngvakeppni.

Páll Rósinkranz er sonur einnar systur minnar og hann bjó hjá mér á sínum tíma í heilt ár. Við erum nær í aldri heldur en ég og mamma hans. Hann var þá í hljómsveitinni Jet Black Joe og voru þeir í hljómsveitinni einhvern tímann að semja inni í stofu og ég sagði í gríni að mig myndi langa til að syngja þetta lag. Svo endaði á því að einn þeirra hringdi svo í mig og sagði að þeir ætluðu að láta mig syngja lagið.“

Það var lagið Freedom sem sló í gegn.

„Ég var aldrei í Jet Black Joe. Ég söng bara þetta eina lag með þeim en þegar þeir voru að spila þá kom ég fram með þeim og söng reyndar fleiri lög.“

Hún segir tónlistarferilinn vera svolítið stopulan. „Ég söng með Jet Black Joe á tímabili og svo stofnaði ég mitt eigið band sem hét Rask. Það band lifði ekki lengi og upp frá því flosnaði svolítið upp úr söngkonuferlinum. Ég fór líka að takast á við mál. Svo hafði ég ofboðslega lítið sjálfstraust á þessum tíma út af þessu máli og fleira, ég fann að ég hafði aldrei neina trú á að ég gæti náð árangri og ég ætti skilið að blómstra.

Ég skildi líka við minn fyrrverandi og einhvern veginn fór allt öðruvísi en ég hafði ætlað mér. Ég eiginlega lokaði mig einhvern veginn svolítið af. Svo kynntist ég núverandi manninum mínum, eignaðist barn og fékk tvær stelpur með honum í kaupbæti.“

Sigga gaf út sólódisk árið 2010 og á þeim diski var til dæmis lagið Shame sem hún samdi sjálf og er um skömmina sem fylgdi henni lengi vel. „Þá var akkúrat í gangi fyrrnefnt mál þannig að ég gat aldrei fylgt þeim diski eftir. Þá tók við rosaleg sjálfsvinna og alls konar dómsmál og sjálfstraust mitt brotnaði algjörlega niður á þessu tímabili. Ég er búin að vinna mikið í þeim málum og búin að vinna mikla sjálfsvinnu; að komast út úr þessari skömm og lélegu sjálfstrausti. Ég hef verið að vinna í því síðastliðin 10 ár eða svo.“

Svo var það annar diskur árið 2020. „Það var akkúrat í Covid þannig að ég gat ekki heldur fylgt honum eftir. En ég hef verið að syngja mikið eins og á Goslokahátíðinni í Vestmannaeyjum og um sjómannadagshelgina í ár. Svo hef ég verið að syngja með Skonrokk-hópnum sem er samansafn af fleiri frábærum söngvurum og tónlistarmönnum. Og vonandi er ég að fara að gera fleiri hluti á næstunni með meira sjálfstraust. Ég hef sungið í alls konar veislum svo sem í brúðkaupum og svo hef ég sungið í jarðarförum. Það er ekki skráð hljómsveit sem ég kem fram með en það er yfirleitt sama fólkið sem spilar með mér.“

Hvað vill Sigga segja um röddina?

„Ég held ég sé fyrst og fremst rokksöngkona. Ég er örugglega fín í mörgu en rokkið hefur fylgt mér og kannski út af því að ég átti svo vinsælt lag með Jet Black Joe. Þetta lag hefur fylgt mér í gegnum tíðina og ég myndi segja að ég væri fyrst og fremst rokksöngkona með „country popp-ívafi“. Ég held að það sem einkenni mig sé kannski krafturinn. Ég held að ég sé með þannig rödd að þú heyrir hver er að syngja þegar ég syng. Ég vona allavega að ég sé ekki að herma eftir öðrum. Ég held ég hafi fundið mína rödd. Það er svo auðvelt að herma eftir einhverri annarri góðri söngkonu. Það er svo auðvelt að fara þá leið af því að það er öruggt. En ég held að það skipti máli fyrir allar söngkonur og söngvara að finna sína rödd. Ég held að einkennin séu krafturinn og vonandi einlægni. Það skiptir mig allavega máli að vera einlæg í því sem ég syng. Ég er kannski ekki besta söngkona í heimi og ekki tæknilegasta söngkona í heimi en þegar ég syng þá legg ég hjartað í það. “

Hún segir það hafa verið skrýtið að hafa orðið þekkt.

„Allt í einu á einni nóttu var ég orðin rosa þekkt. Lagið, Freedom, fór á vinsældalista og var lengi og ég finn að jafnvel krakkar sem voru ekki fæddir þegar þetta lag kom út þekkja það. Lagið hefur lifað mjög vel. Ég hef nú stundum grínast með það að ég sé mjög þekkt en það viti mjög fáir af því.

Það sem ég upplifði varðandi það að vera þekkt var bæði jákvætt og neikvætt. Ég kynntist góðu fólki í gegnum þetta en líka var ég að heyra kjaftasögur um mig sem voru ekki sannar; Það var ekki góð tilfinning og sérstaklega þar sem ég var með brotið sjálfstraust og þess vegna tók ég þetta rosalega inn á mig. Það er öðruvísi þegar maður er sjálfsöruggur sem ég var alls ekki á þessum tíma. Í dag er mér nokkurn veginn sama af því að ég er búin að vinna helling í mér. Það er enginn sem lifir mínu lífi og enginn sem gengur í mínum skóm nema ég.“

Hún segist til dæmis hafa heyrt kjaftasögur um að hún væri í neyslu. „Ég prufaði aldrei dóp. Aldrei nokkurn tímann. Þetta voru alls konar kjaftasögur sem voru bara rugl.“

Hún segist hafa upplifað kvíða áður eða alveg frá því hún var barn. „Málið er að ég er þessi týpa sem á auðvelt með að hlæja mig í gegnum hlutina. Það var mikið sjokk þegar pabbi dó og þá byrjaði ég til dæmis að pissa á mig aftur. Það var eins og ég færi í gegnum sorg og uppreisn inni í mér þó að ég hafi ekki fattað hvað væri í gangi. Mamma sinnti vinnunni og kom alltaf með sama stræto heim og ef hún missti af honum þá sturlaðist ég af hræðslu. Þannig að maður hefur upplifað kvíða og hræðslu sem krakki; að hinn aðilinn sem er stærstur í lífi mínu hyrfi líka. Ég var rosalega hrædd við höfnun og upplifði það mikið í gegnum tíðina. Ég var mjög dramatískur unglingur; mér leið alltaf eins og það væri verið að hafna mér ef fólk sagði eitthvað við mig. Ég gerði drama úr öllu sem krakki og unglingur. Ég er sjálfsagt enn þá dramadrottning, en hef kannski aðeins þroskast.“ Hún hlær. „Ég var svo meðvirk að ég leyfði fólki að segja meira við mig en það átti rétt á að gera og ég sagði ekki neitt. Ég er komin á þann stað að ég segi það ef mér finnst fólk fara yfir strikið.“





Hjónin Sigga og Júníus Guðni Erlendsson. Um ástina segir hún: „Fyrst er hún fiðringur og svo er hún öryggi og virðing og vera að stefna að sama markmiði.“

Bænin það sterkasta

Sigga er spurð hvað Guð sé í huga hennar.

„Í mínum huga er Guð skapari himins og jarðar. Ég veit að það er ekki „in“ í dag að segja það; ég trúi náttúrlega á Jesú og ég trúi að hann hafi dáið á krossinum og risið upp aftur. Ég trúi þessum hlutum. Kannski finnst fólki maður vera „naiv“; en ég hef upplifað þannig hluti og það getur enginn tekið það frá mér. Ég er ekki í neinu samfélagi í dag og ég fer ekki á samkomur,“ segir Sigga sem gekk úr Krossinum á sínum tíma. „Þetta er bara mín trú og ég ól barnið mitt upp í þessu og hann tekur svo ákvörðun um hverju hann vill trúa. Fyrir mér er Guð eitthvað sem ég leita til. Fyrir mér er Guð bara alheimurinn. Guð er það góða í heiminum.“

Var Jesús eingetinn?

„Já, ég trúi því að hann hafi verið getinn af Guði. Það er mín trú. Fólk verður að meta sjálft hverju það trúir en fyrir mér er þetta mjög einfalt dæmi. Ég bara trúi þessu og ef ég hef rangt fyrir mér þa hef ég bara rangt fyrir mér.“

Sigga hefur gengið í gegnum ýmis áföll og þá hefur trúin hjálpað.

„Bænin er það sterkasta í mínu lífi. Mér finnst ég alltaf ná að núllstilla mig þegar ég sest niður og bið. Sumir fara í innhverfa íhugun. Og ég geri það að vissu leyti en með trúna að vopni. Fólk leitar í alls konar hluti en trúin er bara kjarninn í mér. Ég hef alveg rifið kjaft við Guð og verið ósátt við ýmislegt. En mér líður aldrei þannig að ég geti ekki talað við hann. Auðvitað hefði ég verið til í að sleppa sumu en það hefur líka gert mig ótrúlega sterkan einstakling að lenda í þessum hlutum. Og í raun og veru er ég þakklát fyrir þessa hluti í dag. En ég myndi ekki velja að ganga í gegnum þessa hluti en er samt þakklát fyrir reynsluna þegar upp er staðið. Ég held að ef fólk nær að vinna úr, nær að hreinsa sár sín og glíma við það þá held ég að það nái því að verða hamingjusamt. Við getum ekki alltaf verið í baksýnisspeglinum; ég var þar lengi og það var ógeðslega vont og gerði allt verra og í dag reyni ég að horfast í augu við erfiðar tilfinningar. Ef við erum alltaf að hanga í sársaukanum þá náum við ekki að lifa í núinu. Ég hafði ekkert val; ég gat ekki komið í veg fyrir að pabbi minn dæi og ég hef ekkert val um það hvernig aðrir koma fram við mig en ég hef vald yfir því hvernig ég tek á því. Ég var ekki þannig en ég er þannig í dag. Ég segi mína skoðun og ég læt hana í ljós. Ef einhver fer yfir strikið þá nenni ég ekki að vera í einhverjum særindum og leiðindum. Ég bara segi mína skoðun og þá veit fólk hvar það hefur mig.“



Fjölskyldan.

Ástin

Sigríður Guðnadóttir er frú. Er gift. Eiginmaðurinn er Júníus Guðni Erlendsson og eiga þau einn son. Fyrir átti Júníus tvær dætur. Sigga segir að Júníus hafi verið stoð sín og stytta í gegnum öll sín erfiðu mál.

„Við kynntumst fyrir 24 árum. Ég var að syngja og hann fór að spjalla við mig. Ég heillaðist af frekjuskarðinu.“ Hlátur. „Svo fórum við að vera saman. Hann er yndislegur og góður maður sem hefur gefið mér það besta sem ég á lífinu, son okkar og stelpurnar okkar.“ Dæturnar eiga menn og eru barnabörnin tvö. „Ég lifi rosalega fínu og hamingjusömu fjölskyldulífi í dag.“

Hvað er ástin?

„Fyrst er hún fiðringur og svo er hún öryggi og virðing og vera að stefna að sama markmiði. Ástin; það er ekki alltaf allt á bleiku skýi. Það eru alls konar hlutir sem ganga á í lífinu eins og gerist og gengur. Hversdagsleikinn og allt þetta. Þannig að stundum er ástin val og stundum er hún öryggi og það að byggja upp heimili





Brúðarvöndurinn. (Mynd: Tinna Björt.)

saman og ganga í gegnum alls konar hluti saman. Þó það hafi stundum verið upp og niður þá stöndum við sterk í dag. Það segir ýmislegt að við ákváðum að gifta okkur eftir 23 ára samband; það hlýtur eitthvað að vera í lagi," segir Sigga og hlær en hún og Június giftu sig í fyrrasumar í félagsheimilnu Félagslundi í Flóanum. „Fjölskylda mannsins míns er öll þaðan og við erum þar oft í bústað; tengdó á bústaðinn og við erum með hjólhýsið okkar fyrir utan. Og við ákváðum að þar sem við erum svo mikið þarna á sumrin að halda veisluna í félagsheimilinu.

Þetta var stuð frá fyrstu mínútu. Við gengum saman inn og vinir okkar, hljómsveitargaurarnir, voru uppi á sviði og spiluðu og frændi minn Páll Rósinkranz, Biggi í Gildrunni, Grétar Matt og Villi Hendrik, frændi minn, sungu. Það var hlegið eiginlega alla athöfnina og alla veisluna enda gaf Gummi Kalli, prestur í Lindakirkju, okkur saman og hann var algjörlega frábær. Veislunni var stjórnað af Bryndísi, vikonu minni, sem sló í gegn. Þetta var stuð."

Brúðurin hélt á fallegum brúðarvendi. Svolítið sérstökum brúðarvendi.

„Vinkona mín gerði brúðarvönd úr villtum blómum og héngu litlir rammar með myndum af mömmu og pabba í honum." Móðir Sigríðar lést árið 2019. „Vinkona mín hafði sagt að ég mætti ekki fara að gráta þegar ég sæi brúðarvöndinn og ég hugsaði með mér að ég hefði oft séð blóm og að ég færi ekki að grenja út af einhverjum blómum. Þegar ég sá vöndinn þá þurfti ég að taka mig taki þar sem ég var nú nýkomin úr förðun."

Sigga hefur unnið sem fasteignasali í 19 ár og alltaf undir merkjum RE/MAX.

„Mér gengur rosalega vel sem fasteignasali þannig að mér líður mjög vel í þessu starfi, enda vinn ég með frábæru fólki sem mér þykir vænt um. Starfið hentar mér vel, enda á ég gott með að tala við fólk sem ég þarf að gera mikið af í þessu starfi."

Hún er spurð hvað einkenni góðan fasteignasala.

„Hann þarf að vera með þjónustulund og hann þarf að stundum að vera hálfgerður sálfræðingur þar sem hann er að vinna fyrir fólk í alls konar aðstæðum; það getur verið dauði í fjölskyldunni eða skilnaður. Þetta geta verið mjög erfiðar aðstæður og hann þarf að sýna fólki virðingu og vera á tánum. Markaðurinn er misjafn. Stundum gengur vel að selja en stundum þarf að vera á tánum ef það eru niðursveiflur á fasteignamarkaðnum."

Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfuna:

Gróðrastöðin Mörk
Stracta Hótel
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
Kjörís Hveragerði
Pylsuvagninn Selfossi
Alþýðusamband Íslands
Samtök fjármálafyrirtækja
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar
Fríkirkjan Kefas
Efling stéttarfélag
Þörungaverksmiðjan
Skorri Ehf.
Nesraf ehf.
Útfararstofa Íslands
Garðsapótek
Fríkirkjan í Reykjavík
Geðvernd
Bandalag Háskólamanna
Lindakirkja
Nonni litli
Mosfellsbakarí

Svava Jónsdóttir
Myndir / Aðsendar

Ég hef tilgang í lífinu sem nær út yfir gröf og dauða

Guðrún Margrét Pálsdóttir hjúkrunarfræðingur ákvað á unglingsaldri að gefa Guði líf sitt og lét skírast 13 ára. Hún var einn af stofnendum ABC barnahjálpar en í dag einbeitir hún sér meðal annars að bókaskrifum.



Guðrún Margrét Pálsdóttir hjúkrunarfræðingur segist vera þakklát fyrir að hafa fengið að alast upp á heimili þar sem trúin á Guð var forgangsatriði. „Ég efaðist aldrei um að Guð væri til. Ég fór í sunnudagaskóla í Fíladelfíu og í kristilegar sumarbúðir í Vindáshlíð. Ég sótti einnig í framhaldi af því samkomur KFUK. Á þessum stöðum heyrði ég um Guð og svo voru bænir heima. Pabbi fór alltaf með borðbæn og svo lærði ég morgun- og kvöldbænir hjá mömmu. Gídeonfélagið gaf okkur krökkunum í skólanum Nýja-Testamentið og eitthvað las ég í því og svo var kristinfræði í skólanum. Allt þetta voru lítil fræ en þau voru samt ekki nóg til þess að ég tæki einhverja ákvörðun með Guð.“ Þrettán ára gömul fór Guðrún Margrét á samkomu í Fíladelfíu. Þar sem hún sat í salnum og hlustaði skildi hún út á hvað trúin á Guð gekk og tók ákvörðun um að fylgja Jesú. Viku síðar lét hún skírast til að staðfesta þá ákvörðun.

Hverjar voru hugmyndir Guðrúnar Margrétar um Guð og Jesú á þessum tíma?

„Guð var í mínum huga ofar öllu, almáttugur, góður og kærleiksríkur og persónulegur Guð sem lét sér annt um alla. Jesús var enn nær, sonur Guðs, frelsari, bróðir okkar og vinur sem var alltaf til staðar.“



Náði tökum á lífi sínu

Hún segist hafa sótt allar samkomur, Biblíulestra, heimahópa og bænastundir sem voru í boði og hún elskaði að lesa Biblíuna.

„Ég upplifði ýmiss konar trúarreynslu sem styrkti trú mína til muna. Ég vissi alltaf að Guð væri til en að fá að upplifa það á eigin skinni var enn áhrifaríkara.“

Guðrún Margrét gifti sig 19 ára gömul og entist hjónabandið í fjögur ár. „Ég gerði mörg mistök í kjölfar skilnaðarins sem ég átti erfitt með að fyrirgefa mér og mér fannst ég vera komin á endastöð með lífið og trúargönguna. Ég ákvað að fara burt frá Íslandi, eins langt og ég kæmist og vera eins lengi og ég gæti. Niðurstaðan var hnattferð; opinn miði í ár kringum hnöttinn. Ég yrði að ná tökum á lífi mínu á nýjan leik. Og það tókst.

Ég hef sjálfsagt aldrei verið nær Guði en einmitt þetta ár. Eftir fáeina mánuði af mjög svo viðburðaríku ferðalagi þá gekk ég fram á hóp af ungu fólki sem var að halda útisamkomu í El Paso í Texas. Og þar úti á götu gaf ég Guði líf mitt aftur. Við þennan litla gjörning gjörbreyttist öll ferðin. Nú var kominn friður í hjartað og tilgangur með ferðinni. Ég upplifði hvernig Guð vakti yfir mér og var ótal sinnum búinn að undirbúa björgun mína löngu áður en ég lenti í vandræðunum. Ég er óendanlega þakklát fyrir þessa hnattferð því hún gjörbreytti sambandi mínu við Guð. Í henni fæddist fullkomið traust á Guð og einnig hugsjónin sem ég átti eftir að starfa að í 27 ár.“



ABC hjálparstarf

Planið var að stoppa þrjá til fjóra mánuði á Íslandi og vinna sem hjúkrunarfræðingur og fara síðan aftur til Mið-Ameríku og kenna ólæsu fólki að lesa og skrifa og gefa því Biblíur. „En Guð var með aðra og miklu betri áætlun og sýndi mér með mjög skýrum hætti að ég ætti ekki að fara. Þess í stað gaf hann mér mann þrátt fyrir ákvörðun mína um að giftast aldrei aftur né vera á Íslandi.

Við tók tími þar sem ég var með fullt af spurningum. Hvað með þessa hugsjón? Átti ég ekkert að gera með hana? Og hvert er mitt hlutverk? Ég var búin að reyna og sjá allt of mikið til að geta bara lifað venjulegu lífi og ekki orðið að liði. En hvað átti ég að gera? Ég gat ekki bara gleymt hugsjóninni.“



Ári eftir að Guðrún Margrét kom úr ferðinni var hún spurð hvort hún vildi vera með tveimur öðrum í að stofna hjálparstarf. „Ég hélt nú það og sá að nú gæti hugsjónin fengið farveg. Það kom strax til mín að það ætti að heita ABC hjálparstarf því við myndum gefa ólæsu fólki kost á að læra að lesa og skrifa. Við fengum fimm til viðbótar í stofnhópinn og í júní 1988 var ABC hjálparstarf formlega skráð sem sjálfseignarstofnun og þá hófst nýtt ævintýri.



Einn úr hópnum hafði staðið fyrir útgáfu hljómplötu með ýmsum tónlistarmönnum og gáfu þeir ABC-plötuna sem gaf hana út til styrktar starfinu. Við byrjuðum á að kosta prentun lestrarkennslubóka og lestrarnámskeið fyrir tvo indíánaþjóðflokka í Mexíkó og síðar einnig á Fílabeinsströndinni. Ég sá strax að plan Guðs með ABC var miklu árangursríkara heldur en mitt plan hefði orðið með því að fara sjálf og reyna að gera eitthvað. Við gátum gert helling. Næsta verkefni var að styðja hundrað börn til náms á Filippseyjum í gegnum Norrænu barnahjálpina. Fljótt bættust við verkefnin og börnunum fjölgaði sem fengu hjálp með skólagöngu, mat og í sumum tilfellum heimilum eða heimavistum. Við fórum að hjálpa börnum á Indlandi, í Kambódíu, Bangladess, Pakistan, Úganda, Kenýa, Líberíu, Senegal og Búrkína Faso auk Filippseyja. Barnahópurinn stækkaði og þegar mest var vorum við með um tólf þúsund börn á framfæri sem við studdum til náms. Þarfirnar voru mismunandi og knúðu mismikið á og við byggðum marga skóla og heimavistir fyrir peningana sem skólabörn á Íslandi söfnuðu í bauka undir slagorðinu „Börn hjálpa börnum“.

Það að vita að við vorum að gera þetta fyrir Guð og að hann elskaði þessi börn og vildi hjálpa þeim gaf mér viljann og kraftinn sem ég þurfti til að byggja starfið upp. Guð var sannarlega með í verki og þegar við stóðum frammi fyrir ókleifum fjöllum að okkar mati þá sýndi hann það og sannaði að hann er megnugur að breyta kringumstæðum og koma með þá lausn sem okkur skorti í hvert sinn. Ég lærði æ betur að treysta Guði. Staðan var oft slík að ég hefði bara legið í rúminu með breitt yfir höfuð ef ég hefði ekki haft vissuna um að Guð væri með okkur og hann myndi greiða okkur leið.“

Elska hans er mögnuð

Guðrún Margrét er spurð hvernig hún iðki trúna í dag.

„Ég tala við Guð, ég næri anda minn á orði hans í Biblíunni og ég sæki Kirkju kærleikans sem hittist í safnaðarheimili Grensáskirkju á föstudagskvöldum og tek virkan þátt í starfinu þar. Svo er heimahópur vikulega heima hjá okkur þar sem við biðjum fyrir hvert öðru og fólki sem á erfitt, lesum saman og deilum lífinu. Ég reyni að vera að liði og sinna því sem Guð hefur falið mér að gera.“

Hvað er Guð í huga hennar?

„Guð er snillingur sem er ótrúlega magnaður, hann er kærleikur og ljós, persónulegur Guð sem er bæði lífgjafi okkar, skapari og faðir. Elska hans er mögnuð og hann er fær um að breyta hvaða kringumstæðum sem er, gefa fólki von og endurreisa þá sem eru brotnir og beygðir.“

Hvað er Jesús í huga hennar?
„Jesús er sonur Guðs sem kom til jarðar til að deyja á krossi til að greiða gjaldið fyrir syndir okkar. Hann er vegurinn, sannleikurinn og lífið sjálft. Ég sé alltaf betur og betur hvað hann er frábær. Þegar við biðjum hann um að fyrirgefa syndir okkar þá gerir hann það um leið, svo mikil er elska hans til okkar.“

Trúin hefur gefið Guðrúnu Margréti mikið.

„Ég er óendanlega þakklát fyrir að vera trúuð. Það hefur gefið mér djúpan frið sem haggast ekki þrátt fyrir mismunandi kringumstæður. Ég hef fullkomið traust á Guði og veit að hvað sem gerist þá get ég verið örugg. Ég hef tilgang í lífinu sem nær út yfir gröf og dauða. Það er magnað að geta þekkt Guð, talað við hann og verið örugg í elsku hans. Ekkert sem ég gæti mögulega átt gæti jafnast á við það að eiga þessa bjargföstu trú á Guð. Það er svo spennandi að ganga með Guði og það hefur gefið mér svo mikla innri gleði að ég myndi ekki vilja skipta á því og neinu öðru.“

Bókaskrif



Guðrún Margrét segist í dag reyna að breiða út boðskapinn um Guð en aðrir hafi nú tekið við ABC barnahjálp. „Ég hef setið við ritstörf að undanförnu. Vorið 2019 skrifaði ég pínulitla bók sem heitir: Hver er Jesús? Árið 2021 kom út önnur bók sem ég skrifaði á ensku og heitir The Understanding of Who Jesus Is: The Basic Difference Between Muslims and Christians. Hægt er að lesa hana frítt á vefsíðunni whojesus.is þar sem hún er á um það bil 20 tungumálum í dag en verið er að þýða hana á mörg tungumál til viðbótar. Þriðja bókin er svo í deiglunni. Svo langar mig að sjá heimahópa breiðast út um allt land og þessa þjóð komast til trúar á Guð. Það væri hennar mesta gæfa.“



Svava Jónsdóttir
Myndir / Aðsendar

Fyrirgefur þeim dæmda

> Mér finnst ekkert erfitt að fyrirgefa svona manni

Daníel Eiríksson, þrítugur sonur Eiríks Sigurbjörnsonar, stofnanda og sjónvarpsstjóra kristilegu sjónvarpsstöðvarinnar Omega, lést á voveiflegan hátt vorið 2021 og er talið að hann hafi dregist með bíl á ferð og að hann hafi dottið í götuna og hlotið höfuðáverka vegna þess sem síðan drógu hann til dauða. Maðurinn í bílnum fékk dóm sem síðar var mildaður. Eiríkur og fjölskylda syrgja.

Eiríkur Sigurbjörnsson er beðinn um að lýsa Daníel Eiríkssyni, syni sínum sem lést í hittifyrra.

„Daníel var mjög fjörugur og skemmtilegur krakki og var hann mjög vinsæll og félagslyndur og átti góða vini. Mamma hans er frá Suður-Kóreu og átti hann svolítið á brattann að sækja og sagði hann mér seinna að hann hefði orðið fyrir smá áreitni. Ég man eftir vini hans og bekkjarfélaga sem var frá öðru landi sem talaði helst ensku af því að hann var ekki búinn að ná tökum á íslensku og varð hann fyrir smá aðkasti út af því. Daníel hafði sterkar kenndir varðandi það að taka aðra að sér og vera hlýr og notalegur og var eins og vörður í kringum þá sem minna máttu sín. Það var sterkt í honum að taka að sér þá sem voru svolítið lagðir í einelti. Hann var einstaklega ljúfur og góður.“

Árin liðu og Daníel varð unglingur. Hann hafði mikinn áhuga á líkamsrækt. „Hann var mjög fróður um heilsusamlega hluti sem þurfti til þess að ná góðum líkamsstyrk og -byggingu. Hann var hraustur og sérstaklega vel byggður. Hann var myndarlegur og góður drengur.“

Fíknin

Freistingarnar og hætturnar leynast víða og ánetjaðist Daníel fíkniefnum.

„Þetta var svo lúmskt að maður áttaði sig ekkert á því hvað var í gangi.“

Fíknin varð sterk og það kom að því að ekki var hægt að leyna neyslunni. Daníel vildi feta beinni braut og fór nokkrum sinnum í meðferð en hann féll alltaf á milli meðferða.

„Það var samt alltaf í honum að standa sig og vera heiðarlegur; hann var mjög ábyggilegur í öllu. Við fjölskyldan uðrum aldrei fyrir neinu ónæði frá einhverjum aðilum sem voru að selja eiturlyf og hefðu getað bankað upp á til að innheimta skuld hjá Daníel. Þetta kostaði mikla peninga en einhverra hluta vegna passaði hann sig á að standa í skilum og forða heimilinu frá öllu. Hann var mjög passasamur upp á að við myndum ekki dragast inn í eitthvað vandamál. Þótt hann hefði ekki peninga á milli handanna þá treystu menn honum fullkomlega. Hann stóð alltaf í skilum. Mér fannst vera til fyrirmyndar hvað hann var ábyrgur í öllu sem hann sagði. Hann stóð við allt. Við vorum miklir vinir og félagar og höfðum samskipti upp á hvern einasta dag. Hann var mjög ærlegur og ég spurði hann álits á hinum og þessum málum. Hann var alltaf sérstaklega ráðagóður og gaf hreinskilin svör. Ég gat alltaf leitað til hans vegna þess að ég vissi að Daníel sagði alltaf það sem hann meinti.“


Kærleikurinn

Trúin á Guð skiptir fjölskylduna miklu máli og segir Eiríkur að þegar börnin hafi verið yngri hafi þau aldrei farið í skólann nema að vera fyrst búin að draga spjald með ritningaversum, lesa og fara með bæn. „Ekkert er mikilvægara heldur en að kenna börnunum að fara með bænir og setja traust sitt á Guð og vita að hann er alltaf til staðar.“

Eiríkur talar um bænina og siðgæði í tengslum við Daníel.

„Ég man eftir því að þetta var mjög ríkur þáttur í honum og ég man sérstaklega að þegar það var erfitt vegna eineltisins þá kom hann kannski heim og var alltaf ljúfur og góður og við fórum alltaf saman með bæn. Mér fannst vera mikilvægt að hann ætti persónulegt samfélag við drottin.“

Eiríkur segir að Daníel hafi talað um að hann myndi vilja persónulega upplifun tengda Guði. „Ég sagði við hann að hann væri búinn að sjá svo margt og hann þyrfti ekki að efast. En hann sagði við mig að hann þyrfti að upplifa eitthvað persónulegt. Svo gerðist það nokkrum mánuðum áður en hann kvaddi þetta líf að hann sagði mér að hann hafi ekki vitað hvort það hafi verið í vöku eða ekki um miðja nótt að Jesús hafi komið til hans. Hann sagðist hafa átt erfitt með að greina andlit hans þar sem það hafi verið svo mikil birta í kringum hann en að Jesús hafi gengið að honum og faðmað hann og hann fann svo mikinn kærleika; og hann fór að hágráta þessa nótt. Hann sagðist hafa sest upp við rúmgaflinn og að tárin hafi streymt niður. Þetta var svo mikil upplifun og mikill kærleikur sem hann fékk að upplifa þarna. Þarna hafði hann fengið að upplifa það sem hann hafði alltaf þráð. Nú vissi hann sannarlega að Jesús elskaði hann. Hann fylltist miklum hugmóð og fór að fara á samkomur og ganga á Guðs vegum.“



Daníel vann meðal annars hjá Omega og hjá svipuðu fyrirtæki í útlöndum.



Dauðinn

Lífsgöngu Daníels Eiríkssonar lauk vorið 2021.

„Daníel átti við vandamál að stríða sem var að hann gat aldrei sagt „nei“ ef einhver bað hann um að gera sér greiða. Hann var alltaf tilbúinn til þess að hjálpa vinum sínum. Einhverra hluta vegna bað vinur hans hann um að hjálpa sér að tala um fyrir einhverri manneskju sem var með óuppgert mál gagnvart kunningja sínum. Vinur hans bað hann um að koma og vera með sér þegar hann hitti þennan kunningja sinn en honum fannst vera öryggi að hafa Daníel með sér. Þessi vinur hans var með þetta hvíta duft, þetta englaryk sem er að fella menn og konur hægri vinstri, og það varð honum að falli.“

Að morgni föstudagsins langa fannst Daníel meðvitundarlaus á bílastæðinu við fjölbýlishúsið þar sem hann bjó. Hann var fluttur á sjúkrahús og lést þar vegna höfuðáverka. Eiríkur segir að vitni hafi gefið sig fram og sagt að bíl hafi verið ekið yfir hann en að vitnið hafi síðan dregið þetta til baka. Í ljós kom að engir áverkar bentu til að ekið hafi verið yfir hann og er talið að hann hafi haldið sér í glugga bíls sem var á ferð og fallið í götuna með þeim afleiðingum að hann meðal annars höfuðkúpubrotnaði. Bílstjórinn fékk dóm sem síðar var mildaður. Hann var upphaflega dæmdur í 42 mánaða fangelsi en hann var ákærður fyrir manndráp af gáleysi og fyrir að hafa látið farast fyrir að koma Daníel til bjargar.

Sorgin

„Þetta var mikill harmur og mikið áfall fyrir fjölskylduna og fyrir alla okkar vini. Þetta er búið að vera mjög erfitt. Þetta hefur verið gríðarlega mikið mál að missa Daníel. Hann var þrítugur, í blóma lífsins og allt var bjart og allt í einu er hann ekki til staðar. Við fengum að upplifa snertingu frá Guði um að hann væri á himnum; að hann væri á góðum stað. Hann kom til okkar í draumi oftar en einu sinni til systur sinnar, til mín og mömmu sinnar og mjög tengdra vina hans. Sorgin er svo gríðarleg. Oft þegar maður lítur út um gluggann finnst manni eins og Daníel sé að koma; sé bara í einhverju ferðalagi. En tárin streyma. Það er ekki hægt að komast í gegnum þetta nema með Guðs hjálp. Fyrstu mánuðirnir liðu, svo eitt ár og svo tvö. Og þá er maður farinn að gera sér grein fyrir því að hann er ekki lengur með okkur.

Fyrir mig var þetta svo mikið áfall að missa hann og ég bað þess heitt og innilega að ég fengi að upplifa það að sjá hann. Og þá heyrði ég fallega og ljúfa rödd sem sagði: „Þú hefur mitt orð og mín boðorð í Biblíunni um það að sá sem á mig trúir mun lifa þótt hann deyi.“ Þá fann ég að ég yrði að setja traust mitt á Guðs orð; ég gæti ekki byggt á einhverjum tilfinningum. Ég sagði: „Ég treysti þínu orði og byggi traust mitt á Biblíunni og því orði sem þú hefur sagt.“

Nokkrum dögum seinna kom Daníel til mín í draumi. Ég var á fallegum stað og sat við borð og sat Daníel fyrir framan mig. Hann var ljóslifandi. Og það eina sem ég hafði í huga var einföld spurning. Ég leit í augu hans og sagði: „Daníel, átt þú Jesú í þínu hjarta?“ Ég beið eftir svari. Hann sagði: „Já.“ Svo fór hann. Það var nóg fyrir mig. Þetta er trúarstyrkur og ég get sagt þér það og öllum: Ég veit ekki hvernig hægt er að komast í gegnum svona harm öðruvísi en að fá einhverja svona lifandi von. Það eru margir sem missa börnin sín. Það er ekki hægt að ná sér eftir svona áfall. Vinur minn sem vottaði mér samúð sagði að við værum á sama báti en hann hafði líka misst son sinn; hann sagði að það væri aldrei hægt að jafna sig á þessu. Ég tek undir það en að fá svona upplifun hjálpar manni í gegnum það erfiðasta.“


Eiríkur og eiginkona hans, höfðu áður misst son. „Frumburður okkar dó vöggudauða 100 daga gamall árið 1987. Það var gríðarlegt áfall fyrir okkur. Hann fæddist 12. október og átti Daníel einnig að fæðast þann dag og vera tekinn með keisaraskurði en mamma hans vildi að hann fengi að vera viku lengur. Ég setti mig ekki á móti því og var alveg sáttur við það. Hann fæddist viku seinna og manni fannst eins og yngri sonur okkar væri kominn aftur til baka þegar Daníel fæddist.“

Aftur að neyslunni. Eiturlyfjunum. Sá dæmdi lýsti því fyrir dómi að hann hefði hitt Daníel til að eiga við hann fíkniefnaviðskipti.

„Þetta sýnir hvað getur gerst og hvað það getur verið mikill harmur og miklar hörmunar sem geta skapast í tengslum við fíkla og eiturlyfjasala og hvernig þessi eiturlyf streyma inn í landið sem og hvað þetta er mikil áhætta og ógn fyrir unga fólkið sem er að alast upp. Þetta kennir manni að vera vakandi yfir börnunum og að þjóðfélagið þarf virkilega að vera vakandi yfir að til sé starfsemi eins og SÁÁ og Hlaðgerðarkot sem eru að vinna ómetanlegt starf. Ég veit að það er gríðarlegur fjöldi sem hefur bjargast með því að fara í svona prógramm þótt menn nái ekki alltaf árangri í fyrsta, annað eða þriðja skipti en fólk getur bjargast frá þessu.“

Eiríkur talar líka um Omega og talar um að trúin hafi bjargað mörgum. „Því fylgir mikið öryggi og friður í lífi fólks með því að virkilega eignast lifandi trú á Guð og geta beðið og sett sín mál í Guðs hendur og treysta honum.“





Fyrirgefningin

Eiríkur segir að ef sá sem dóminn hlaut hefði komið til sín og beðist fyrirgefningar og sagst ætla að taka sig á og ganga á réttri braut þá hefði hann verið fyrsti maður til að rétta honum hendina.

„Ég hefði sagst ætla að verða stoð hans og stytta og hjálpa honum að ganga réttan veg og horfa fram á við; það væru nýir tímar og nýtt líf. Og fyrirgefningin er það stærsta og mikilvægasta í lífi allra. Ef einhver ber kala eða hatur í brjósti þá er hann bara að skemma fyrir sjálfum sér. Fyrirgefningin er lykilatriðið, enda snýst fagnaðarerindið fyrst og fremst um fyrirgefninguna og sátt við Guð. Það er svo undir sjálfri manneskjunni komið hvort hún leitast eftir því að fá fyrirgefningu og snúa við og ganga á réttri braut. Boltinn er hjá mönnunum. Og ég veit það að Daníel var til í að fyrirgefa og gleyma og vildi vera sáttur við alla menn. Það dýrmætasta sem hægt er að eiga í sínu lífi er að vera sáttur við Guð og menn.“

Já, Eiríkur hefur fyrirgefið manninum sem fékk dóminn. „Það væri ekki á það bætandi að vera með heift og hatur út í einhverja manneskju. Mér finnst ekkert erfitt að fyrirgefa svona manni vegna þess að hann gerði þetta kannski ekki af ásetningi eða viljandi. Þetta var klúður og ég tel að þetta hafi verið slys. Ef hann kæmi til mín þá yrði ég mjög glaður að taka í hendina á honum og hjálpa honum inn í betra líf og setja traust sitt á Guð og byrja að lifa góðu lífi. Það væri mikill sigur fyrir okkur öll ef hann kæmist til lifandi trúar á Jesú Krist.

Hann kom aldrei til mín en ég veit og reikna með því að honum hafi liðið illa og þótt hann hafi ekki náð því að koma til okkar og biðja okkur fyrirgefningar þá bið ég fyrir honum. Ég ber engan kala til hans. Þetta er drengur sem er frá öðru landi sem hefur örugglega lent í einhverju. Ég veit að hann hefði aldrei gert þetta ef hann hefði verið á réttri braut. Ég hef enga ástæðu aðra nema að óska honum alls hins besta og fyrirgefa honum. Ég veit það svo sannarlega að hann iðrast og sér eftir þessu. Ég tók eftir því að hann var kominn með kross og þá hugsaði ég með mér að þetta væri allavega maður sem vill setja traust sitt á Jesú Krist. Þannig að ég var mjög þakklátur þegar ég vissi að hann var að reyna að ná einhverjum tökum á lífinu.“

Sjónvarpsstöðin Omega

Í 31 ár hefur kristna sjónvarpsstöðin Omega verið leiðarljós á Íslandi. Boðskapurinn hefur snert líf, kveikt trú og umbreytt sálum. Gegnum Omega höfum við orðið vitni að merkilegum sögum um afturhvarf til lifandi trúar, persónulegan vöxt og innblástur. Hjálpaðu okkur að segja landsmönnum áfram frá þeirri von og því frelsi sem aðeins fæst fyrir trú á Jesú Krist.

omega.is

Sjónvarp Símans #18

Þinn stuðningur er ómetanlegur!
Reikn: 0113-26-25707 Kt: 630890-1019

Að kraftur heilags anda sé til staðar á samkomum okkar

„Við erum hvítasunnukirkja. Við leggjum áherslu á að boða orð Guðs út frá Biblíunni. Á samkomum leggjum við áherslu á lofgjörð og að heilagur andi og kraftur heilags anda starfi á samkomum okkar," segir Magnús Gunnarsson, forstöðumaður Betaníu. Hann segist hafa eignast lifandi trú þegar hann var 15 ára. „Ég sem ungur maður var mikið að leita að tilgangi lífsins. Ég sá í raun og veru engan tilgang, en svo breyttist allt."



Forstöðumaður Betaníu, Magnús Gunnarsson

Á heimasíðu Betaníu, www.betania.is, stendur: „Betanía er fríkirkja þar sem lögð er áhersla áboðun Orðs Guðs með sönnun anda og kraftar, þar sem lofgjörð til Guðs fær að streyma fram með söngvum, dansi, upplyftum höndum, tungutali og margvíslegum öðrum hætti."

Magnús Gunnarsson, forstöðumaður, segir að Betanía hafi verið stofnuð árið 1999 og sé sjálfstætt starfandi trúfélag og að móðurkirkjan sé Christ Gospel Churches International í Jeffersonville í Indiana í Bandaríkjunum.

Við erum hvítasunnukirkja. Við leggjum áherslu á að boða orð Guðs út frá Biblíunni. Á samkomum og leggjum við áherslu á lofgjörð og að heilagur andi og kraftur heilags anda starfi á samkomum okkar.

Okkar sýn og okkar hlutverk er að boða fagnaðarerindið um Jesús Krist; að boða öllum þjóðum og fara sem víðast með fagnaðarerindið. Fagnaðarerindið er að Jesús Kristur dó á Golgata, á krossinum, Hann sigraði dauðann, Hann er upprisinn frelsari allra manna.
Við það að taka á móti Jesú Kristi sem frelsara okkar í hjarta okkar þá eigumst við lifandi trú, lifandi samfélag við Guð.

Eins og segir í Orði Guðs:
„En öllum þeim, sem tóku við honum, gaf hann rétt til að verða Guðs börn, þeim, er trúa á nafn hans." (Jóh 1:12)
„Einn er Guð. Einn er og meðalgangarinn milli Guðs og manna, maðurinn Kristur Jesús." (I Tim 2:5)
„Því að af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú. Þetta er ekki yður að þakka. Það er Guðsgjöf." (Efesus 2:8)
„Jesús segir við hann: „Eg er vegurinn, sannleikurinn og lífið. Enginn kemur til föðurins, nema fyrir mig." (Jóh 14:6)

Við trúum því að með því að lesa Orð Guðs og í gegnum anda Guðs, þá eignumst við Orð Guðs lifandi í okkur. Við trúum því einnig að maðurinn geti vaxið í Guði; það er að við eigumst meira af eðli og kærleika Guðs með því að leggja af okkar eigið mannlega fallna eðli.

Með því að eiga Orð Guðs og Anda Guðs lifandi í okkur þá trúum við því að við séum vitnisburður um hvernig er að lifa með Guði í okkar daglega lífi og við sýnum það í verki okkar að við eigum kærleika Guðs í lífum okkar.

Eins og ég kom inn á áðan þá er markmið okkar að boða fagnaðarerindið um Drottin Jesú
Krist á Íslandi og erlendis og stuðla að því að kenna orð Guðs, bæði Gamla og Nýja testamentið.

Trúarjátning Betaníu
Í trúarjátningu Betaníu kemur meðal annars fram;
Við trúum því að:
Orð Guðs, ritningarnar voru ritaðar undir guðlegum innblæstri Almáttugs Guðs.
Að lifandi Guð, hinn eini og sanni Guð opinberar sig með þrennum hætti: Faðirinn, Orðið
(Sonurinn) og Heilagur andi.

Jesús Kristur, eingetinn Sonur Guðs, kom fram í holdi til að frelsa mannkynið. Hjálpræði fæst fyrir úthellt blóð Drottins Jesú Krists. Guðleg lækning og lausn var veitt í friðþægingarblóði Jesú Krists. Niðurdýfingarskírn í nafni Drottins Jesú Krists. Tungutal er staðfesting þess að vera fylltur af Heilögum anda. Trúaðir eiga að vaxa andlega, að ná vaxtartakmarki krists fyllingar. Fyrirmynd Guðs til að vaxa andlega kemur fram í tjaldbúð Móse. Það eru mismunandi dýrðarklæði trúaðra í upprisunni.

Það eru fjórir mismunandi dvalarstaðir manna í eilífðinni.
Við trúum á helgun og aðskilnað frammi fyrir Guði.
Þrengingin mikla mun standa yfir í þrjú og hálft ár.
Þúsundáraríki Drottins Jesú Krists á jörðu mun hefjast þegar hann snýr aftur sem Konungur konunga og Drottinn drottna.
Helgiathafnir kirkjunnar grundvallast á því að það er Guðleg lækning og lausn til staðar.
Guðleg lækning og lausn er til staðar fyrir friðþægingarblóð Jesú Krists. Með úthellingu og flæði heilags anda í hjörtum fólksins.
Orð Guðs er predikað með sönnun anda og kraftar.
Brauðsbrotning er í minningu dauða, krossfestingar og upprisu Jesú Krists.

Fjölbreytt dagskrá

„Við leggjum áherslu á almennt safnaðarstarf í kirkjunni með reglulegum samkomum, biblíulestrum, bænastundum og barnastarfi. Á þriðjudögum er bænastund. Á miðvikudögum er biblíukennsla þar sem safnaðarmeðlimir taka virkan þátt í samræðum og hópvinnu. Á föstudögum eru bænastund sem er í höndum unga fólksins.
Sunnudagssamkoma okkar er klukkan 11. Fyrir samkomuna, kl. 10, eru sunnudagaskóli fyrir fullorðna þar sem við erum með sams



Magnús Gunnarsson, Eiríkur Sigurbjörnsson, Bishop Simon frá London.

konar biblíukennslu eins og á miðvikudögum en fyrir enskumælandi. Samkoma okkar á sunnudögum fer fram bæði á íslensku og ensku. Það er virkt barnastarf í kirkjunni og er sunnudagaskóli fyrir börnin meðan orð Guðs er predikað á sunnudögum. Þetta er hið almenna safnaðarstarf og leggjum við áherslu á að einstaklingar skoði og nemi orð Guðs. Við styðjum við almennan framgang kristinnar trúar á Íslandi. Við vinnum í samvinnu með öðrum söfnuðum og er Betanía hluti af samstarfsnefnd kristinna trúfélaga. Við erum reglulega með orð dagsins á útvarpsstöðinni Lindinni og erum við einnig virk í að koma í viðtöl á Omega; bæði ég sem forstöðumaður og safnaðarmeðlimir."

Alþjóðleg kirkja

Í stjórn Betaníu eru fimm einstaklingar að forstöðumanni meðtöldum.

Forstöðumaður ber ábyrgð á daglegum rekstri kirkjunnar og er opinber fulltrúi kirkjunnar. Honum til aðstoðar er aðstoðarforstöðumaður sem tekur virkan þátt í öllu safnaðarstarfinu.

Almennir safnaðarmeðlimir eru virkir og taka þátt í safnaðarstarfinu; eins og tónlistarfólk, starfsmenn barnastarfs, samkomuþjónar og fleira. Samkomuþjónar (djáknar) hjálpa okkur að halda utan um samkomurnar, eins og að taka á móti fólki, aðstoða til sætis ef þess er þörf og gæta þess að safnaðarmeðlimir eða gestir fylgi þeim reglum sem settar eru varðandi umgengni í kirkjunni.

Fjórir til sex virkir kennarar skipta með sér kennslunni sem er á miðvikudögum og í sunnudagaskólanum á sunnudagsmorgnum fyrir enskumælandi.

Í dag er kirkjan okkar alþjóðleg kirkja. Fyrir um það bil fimm árum voru meðlimir hennar nánast eingöngu Íslendingar eða um níutíu prósent en í dag samanstendur kirkjan af fólki víða að úr heiminum, þar á meðal frá öðrum Evrópulöndum, Bandaríkjunum og Afríku.

Námserfiðleikarnir

Magnús segist hafa eignast lifandi trú þegar hann var 15 ára. „Ég sem ungur maður var mjög leitandi eftir svari um tilgang lífsins. Ég sá í raun og veru engan tilgang í lífinu. Mér gekk ekki vel í skóla, glímdi við ýmsa námserfiðleika sem gerðu það að verkum að ég passaði hvergi inn og náð illa að fóta mig í skólaumhverfinu. Ég er mjög hvatvís og virkur í eðli mínu og ég komst að því á fullorðinsárum að ég er meðal annars með ADHD og lesblindu. Við það að fá þessa greiningu hjálpaði mér gríðarlega mikið." Magnús segist hafa upplifað kvíða og vanlíðan í grunnskóla.

Talar um að hann hafi verið kallaður út úr bekk og látinn fara í lestrarkennslu. „Ég trúi því að kennarar og kerfið vilji gera vel en þetta var ákveðin auðmýking og maður fékk ákveðinn stimpil. Ef maður var látinn lesa upphátt þá var hlegið að manni." Magnús trúir því að það hafa verið margir aðrir að glíma við samskonar námserfiðleika í skólakerfi sem hafi ekki haft þekkingu á að takast á við vandann. Hann segist ekki hafa upplifað einelti en segir: „Það var þessi krakkahæðni sem var til staðar." Þegar ég eignaðist lifandi trú þá fann ég tilgang lífsins og þá virkjaðist þessi orka innra með mér á jákvæðan hátt og hún nýttist til uppbyggingar í lífi mínu.

Fékk styrk frá Guði

„Ég man að ég átti trú í hjarta mínu og ég bað til Guðs. En svo man ég að ég sagði einu sinni við Guð: „Ég veit að þú ert til, viltu koma inn í líf mitt." Þannig bað ég til Guðs. Ég sagði: „Ég þrái að fá að upplifa þig, ég þrái að kynnast þér og þekkja þig." Ég man alltaf eftir þessari bæn; stuttu eftir þetta varð ákveðinn vendipunktur í lífi mínu, ákveðin umbreyting á mínu lífi þar sem ég tók á móti Jesú Kristi í hjarta mitt. Við þetta breyttist líf mitt. Eg man að ég fylltist af lífskrafti og auknu sjálfstrausti, nú vissi hver tilgangur lífsins. Þessi reynsla gaf mér kraft til þess að halda áfram í lífinu, ég fór að lesa Biblíuna og ég fór að biðja og tala við Guð, ég fór á allar þær samkomur sem ég gat mögulega farið á. Þetta var og er enn í dag
minn drifkraftur í lífinu.

Ég er 57 ára gamall og allt það sem ég hef gert í lífinu þá hef ég haft Drottinn í forgangi. Ég hef unnið hin ýmsu störf í lífinu og komið að safnaðarstarfi bæði hér heima og erlendis.
Í lok árs 2009 var ég beðinn um að taka við sem forstöðumaður Betaníu ásamt eiginkonu minni Halldóru Magnúsdóttur.
„Ég trúi því að á Íslandi sé fólk sem þráir að eignast lifandi trú. Ég hitti reglulega fólk og finnst mörgum áhugavert að tala um trúna. Það eru margir sem hafa einhvern tímann á lífsleiðinni upplifað eitthvað sem tengist trú eða tengingu við Guð, einhver reynsla sem fólk á. Ég hitti oft fólk sem biður mig um að biðja fyrir sér. Það er fólk sem kemur á samkomu sem biður um fyrirbæn og þráir samfélag við lifandi Guð. Á samkomum okkar í Betaníu upplifir fólk kraft og nærveru Guðs. Það er mjög mikilvægt fyrir mig sem forstöðumaður og sem kristinn einstaklingur að segja öðrum frá því sem Jesús Kristur getur gert í lífi mannsins.
Ég hvet alla til þess að lesa Biblíuna, þegar við lesum Biblíuna og hugleiðum orð Guðs þá verðum við fyrir Guðlegum áhrifum í sálu og anda okkar.

Þetta er minn vitnisburður um lifandi trú sem ég á í Jesú Kristi.
Ég hvet alla til þess að biðja á einlægan hátt til Guðs, Hann svarar bænum okkar.

Ég hvet alla þá sem þrá lifandi trú að taka á móti Jesú Kristi í hjarta sitt.

Við förum með þessa einföldu frelsisbæn:

Himneski faðir ég kem til þín.
Ég tek á móti Drottni Jesú Kristi sem mínum persónulega frelsara.
Ég bið þig um að fyrirgefa mér syndir mínar.
Ég bið þig um frelsa mig frá refsingu synda minna.
Ég vil taka á móti þér í hjarta mitt, ég vil taka á móti þér sem frelsara mínum.
Himneski faðir ég þakka þér fyrir Drottin Jesú Krist þinn eingetna son, nú er ég þitt barn.



Bænastund í upphafi samkomu í Betaníu (Magnús stendur við púltið)

Uppáhaldsbænin

Séra Pálmi Matthíasson



Í mínum huga er bænin einhver mesta orkulind sem býðst í þessu lífi. Hún tengir okkur við mátt sem er okkur stærri og meiri. Bænheyrsla er gjöf sem aldrei verður fullþökkuð. Bænin er ekki heyrð á okkar forsendum þegar við viljum. Stundum finnst okkur hún gefa svar strax en í annan stað þurfum við að bíða, þangað til náðin verður okkar.

Ég lærði ungur að signa mig út í sérhvern dag. Þannig legg ég daginn í Guðs hendur og þakka fyrir að fá að vakna út í daginn. Signingin tekur ekki langan tíma en hún er máttug og gefur tóninn fyrir daginn. Það er svo gott að mega heilsa deginum með þessum hætti og ganga út í hann með tilgang og trú í hjarta.

Uppáhaldsbænin mín er Faðirvorið. Jafnvel þótt ég hafi ungur átt erfitt með að skilja öll orðin í því þá gáfu þau mér eitthvað sem erfitt er að útskýra. Bæninni fylgi friður og öryggi. Að segja Faðirvorið með öðrum er sérstök upplifun. Finna samhuginn og einlægnina. Sjálfur hef ég lent í erfiðum aðstæðum með félögum sem ég þekkti ekki þannig að ég vissi um trú þeirra. Mikið þótti mér gott þegar einn þeirra sagði: „Eigum við ekki að segja Faðirvorið saman meðan við erum allir hér?“ Og þarna stóðum við með lífið að veði og sögðum bænina saman.

Aldrei hef ég fundið jafnsterkt og þá hvernig hvert orð bænarinnar gaf okkur styrk og róaði hugann. Bænin gerði okkur að einni sterkri heild sem tókst að finna leið til bjargar. Þá leið sáum við ekki áður en bænin var sögð. Þú mátt kalla þetta tilviljun eða hópefli en við, þessir félagar, köllum þetta bænheyrslu sem í raun gaf okkur líf.

Þessi stund gerði okkur að vinum til lífstíðar og í hvert sinn sem við hittumst þurfum við að snerta hvern annan og látum snertinguna vera okkar orð. Við vitum hvað hún þýðir og hún minnir okkur á að lífið er ekki sjálfsagt heldur gjöf sem við eigum í dag og biðjum þess að það verði svo líka á morgun.

Greta Salóme Stefánsdóttir

„Leiddu mína litlu hendi“ er mín uppáhaldsbæn. Mamma og pabbi fóru með hana fyrir mig og systur mína þegar ég var barn og núna förum við með þessa bæn fyrir átta mánaða son okkar áður en hann fer að sofa. Trúin hefur gefið mér svo margt. Fyrst og fremst er hún akkerið mitt og leiðarljós í lífinu og mér finnst mikilvægt að ala börnin mín upp í þessari barnatrú sem ég fékk að kynnast. Svo ákveða þau auðvitað hver þeirra afstaða er.



Eftirtalin fyrirtæki styrktu útgáfuna:

Vélsmiðjan Sveinn

SS Gólf ehf.

Brauðhúsið ehf.

FÍB

GA Smíðajárn

Bílanaust

Linde Gas

Bústaðakirkja

Parketverksmiðjan ehf.

Hraðfrystihúsið Gunnvör hf

Melabúðin

Bifreiðaverkstæði Kópavogs

Sveitarfélagið Múlaþing

Langanesbyggð

Grensáskirkja

Einhamar seafood ehf.

Digraneskirkja

Vísir - Félag Skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

Víðistaðakirkja

Árbæjarkirkja

Langholtskirkja



Viðtal við
Kristinn Ágúst Friðfinnsson

Börn okkar frá vinstri: Melkorka Mjöll, Kolbeinn Karl, Magnús Már og Friðfinnur Freyr. Við: Kristinn Ágúst Friðfinnsson og Anna Margrét Guðmundsdóttir.

Eins og djöfullinn sjálfur gangi um

Sonur hans, Friðfinnur Freyr Kristinsson hvarf í fyrravetur.

„Friðfinnur var alla tíð mjög ljúfur drengur og ég segi það ekki bara af því að hann er farinn. Ég sagði það líka þegar hann var á meðal okkar. Hann var alveg einstaklega ljúft og gott barn en hann var líka næmur og viðkvæmur og mjög listrænn. Mannkostir hans voru miklir og ég vil nefna réttlæti, kærleika, elskusemi og miklar, heitar og góðar tilfinningar gagnvart fjölskyldu og vinum. Þetta var alveg einstakt. Eitt það síðasta sem ég sagði við hann var að ég hefði aldrei á ævinni kynnst eins góðu eintaki af manni eins og honum.

Friðfinnur lærði á píanó þegar hann var strákur og spilaði eins og engill stór og flókin verk og djassaði meira að segja. Hann var strákurinn sem lýsti upp umhverfi sitt í jólaboðum og samkvæmum fjölskyldunnar. Hann settist gjarnan við pianóið og níu til tíu ára spilaði hann lög fyrir alla. Svo fór hann að æfa sund og náði þar alveg einstökum árangri en hann var fimmfaldur Íslandsmeistari og einn af bestu flugsundsmönnum á Norðurlöndum. Hann lofaði mjög góðu.“

Kristinn segir að Friðfinnur hafi verið lagður í einelti í æsku. „Hann var ekki sá sem lamdi frá sér; svoleiðis börn eru frekar lögð í einelti. Ég held nú að sumir sem gerðu það





Kona mín, Anna Margrét, hjúkrunarfræðingur, fór reglulega í stuttar dvalir til Grænlands til að reka heilsugæslustöðvar í afskektum byggðum og til að veita deildum sjúkrahússins í Nuuk forstöðu.

hafi átt í einhverjum erfiðleikum þegar upp var staðið; mér hefur sýnst það. Eineltið var hræðilegt áfall; ég skynjaði hvað þetta var hryllilegt ofbeldi. Ég var alltaf að hvetja Friðfinn til að gera þetta upp og rétt áður en hann hvarf var hann búinn að nefna við mig að nú vildi hann fara að vinna í þessum málum með sálfræðingi.“

Djöfullegt fyrirbæri

„Það er sorglegt að það hafi þurft að fara svona en ég held að hann hafi verið dæmi um einstakling sem hafði fíknina í erfðaefninu. Þegar hann fór í fyrstu vímuna þá gerðist það hjá honum eins og mörgum öðrum að finna einhverja lausnartilfinningu sem þeir hafa alltaf þráð. Þetta var ungur og fallegur drengur sem hafði kvalist vegna eineltis. Eineltið gerði hann reiðan alla tíð. Undir það síðasta var hann orðinn þjakaður af þessum sjúkdómi. Þegar fólk vill hætta í neyslu þarf að að skipta um félagsskap. Ef neysla hefur staðið yfir lengi getur verið erfitt að snúa baki við gömlu félögunum og búa til ný uppbyggileg tengsl.“

Friðfinnur hóf störf hjá endurskoðunarskrifstofu eftir útskrift en varð að hætta því vegna sjúkdómsins en vann þó aðeins eftir það. „Ég hafði alltaf svo mikla trú á honum og ætti að vita betur þar sem ég hef unnið mikið með fíklum. Það getur enginn hætt nema hann vilji það sjálfur. Hann reyndi en fíknin er djöfullegt fyrirbæri. Fíknisjúkdómar eru líka niðurlægjandi. Fólk stjórnast af fíkninni. Hún tekur fólk út á brún og hertekur líf þeirra og fjölskyldna þeirra. Ég trúði alltaf að nú færi þetta að koma; meira að segja rétt áður en hann hvarf en þá var hann búinn að vera edrú í nokkurn tíma. Ég átti samt að vita betur, það þarf mikinn og einarðan vilja til að snúa blaðinu við og að snúa fullkomlega baki við allan neyslutengdan félagsskap. Ég opna mig hér ef það gæti hjálpað einhverjum sem eru í kvöl og myrkri. Ég veit að það hefði hann viljað. Besta ráðið er að snerta aldrei við hugbreytandi efnum. Það verður aldrei of mikil áhersla lögð á að velja sér góðan félagsskap. Ef fólk finnur að það er að missa tök á eigin lífi þá skiptir öllu máli að fá aðstoð í gegnum AA-hreyfinguna, fara í meðferð og vera heiðarlegt við sjálft sig. Ég undirstrika að fíkn er sjúkdómur. Ég hélt að mörg ár væru síðan að fólk meðtók það. Það er hins vegar ótrúlegt hvað fólk ætlar seint og illa að meðtaka það. Niðurstöður rannsókna sýna ótvírætt að það er fíkntilhneiging í sumum ættum. Það eru ákveðin gen sem finnast hjá fólki sem er með fíknisjúkdóm og svo gjarnan í nálægum ættliðum, ekki endilega foreldrum. Þetta er ættlægur sjúkdómur, ekki endilega ættgengur.

Friðfinnur var í sambúð með mjög góðri stúlku og þau bjuggu á fallegri íbúð og hann gladdist yfir því að eiga heilbrigt og gott heimili. Innst inni var hann stoltur og setti há viðmið um líf sitt og sinna. Hann ólst upp við röð og reglu, menningu, fagrar listir, tónlist, bókmenningu, innihaldsríkar samræður og hófstillta trú. Hann var stoltur af okkur og við vorum stolt af honum. Hann hafði allt sem ungur maður getur hugsað sér best út í lífið, var afreksmaður í sundi, spilaði á píanó, var viðskiptafræðingur, hafði einstaklega góða nærveru og naut mikillar kvenhylli.“

Kristinn segist vera hræddur um framtíð ungs fólks og nefnir aðgengi að eitri og sölumönnum dauðans. „Þetta er eins og djöfullinn sjálfur gangi um. Það er ekki hægt að lýsa því hvað vond öfl eru til í undirheimunum, sérstaklega þeir sem eru á toppnum, halda um alla spotta og gera út sölufólk og handrukkara. Topparnir dulbúast með brosi og vingjarnlegheitum og við áttum okkur ekki á þeim. Oftast er þeim nákvæmlega sama um líðan fólks, skortir samúð og meðlíðan, eru blindir á gott siðferði en hafa fyrst og fremst



Fjölskyldan á góðri stund í Tivoli í Kaupmannahöfn. Börnin frá v.: Kolbeinn, Friðfinnur, Melkorka og Magnús Már. Myndin tekin í upphafi 10. áratugarins.

áhuga á eigin hag og stöðu, sem haldið er uppi af fársjúkum fíklum. Undirheimarnir búa yfir sínu eigin miskunnarlausa regluverki um viðurlög og falskt kerfi um umbun. Ég skil ekki af hverju toppunum er ekki komið varanlega fyrir utan við vettvang heiðarlegs og farsæls lífs alls þorra fólks. Yfirvöld vita hverjir þetta eru, vita að þeir verða auðugir af neyð og niðurlægingu barnanna okkar, hafa aðgang að háþróuðum tækjum til að fylgjast með ferðum þeirra og aðför að saklausu lífi, þau vita hvar þeir búa, stundum umkringdir háum girðingum og eftirlitsmyndavélum. Það er vitað að þeir varðveita eitrið fjarri heimilum sínum og eru í samskiptum við útvalda hópstjóra, sem sumir halda að þeir verði ríkir af skipulagðri eitursölu, sem svo gera út smásölufólk, sem er drifið áfram af fíkn og þjáningu. Í undirheimunum gilda hinar heiðnu reglur um hefndarskyldu og auga fyrir auga og tönn fyrir tönn og þess vegna þurfum við að beita óvanalegum aðferðum til að yfirvinna þau. Tungumál miskunnseminnar, sem er grundvöllur íslenskrar samfélagsskipunar og siðferðis, skilst ekki í heimi hefndarskyldunnar.

Bæði heimspekilegar og trúarlegar samræður snúast að einhverju leyti um tilvist hins illa. Að sjálfsögðu eigum við að hlúa að slíkum samræðum. En hið illa birtist okkur og er nær okkur en við þorum að horfast í augu við og vinnur tjón og skapar sorgir í fleiri húsum en nokkurn grunar. Illu eigum við að mæta með kærleika en illska fíknheimsins er svo rótardjúp og samansúrruð að þar þarf að hreinsa út hið illa. Líf, reisn og farsæld fjölskyldna og samfélags er í húfi.
Ég syrgi hinn raunverulega Friðfinn, gæðin, sem voru þau bestu sem ég hef nokkurn tímann kynnst hjá nokkurri persónu. Ég syrgi hinn hæfileikaríka Friðfinn, sem náði miklum árangri og sem hefði getað orðið farsæll einstaklingur ef hann hefði ekki verið með þennan sjúkdóm. Þetta eru að vissu leyti eigingjörn orð hjá mér. Lífið hafði verið honum erfið barátta og bardaganum er lokið. Hann synti í faðm sólarinnar.

Við vorum svo miklir vinir alla tíð og hann var margoft búinn að segja við mig að ég þyrfti aldrei að hafa áhyggjur. Hann skildi eftir svo fallega fyrirmynd og hugarfar að minningarnar um allt það gera dagana bjarta. Sumu getum við breytt, öðru ekki. Þetta er kjarni æðruleysisbænarinnar, sem ég taldi mig skilja svo vel en skildi samt aldrei betur en þegar ég þurfti að gera hana að daglegri bæn minni til að komast í gegnum dægrin löng. Ég fæ engu breytt. Er það ekki stundum staðreyndin og er ástæða til að æðrast þegar sú augljósa staðreynd blasir við.“

Minningarathöfn um Friðfinn var haldin í Dómkirkjunni á afmælisdaginn hans, 18. júlí, og rétt áður en að hún hófst fæddist næstyngsta syni mínum dóttir. Það var mikil blessun og góð áminning um lífið.

„Þegar ég hugsa til allra góðu stundanna er ég stundum við það að brotna niður. Friðfinnur átti mjög heilbrigða trú og minningarnar eru dýrmætar þegar ég fór með hann og systur hans, Melkorku, í barnastarf KFUM og K og barnamessur kirkjunnar.“

„Ég er sérfræðingur í sálgæslu og sáttamiðlun og er alla daga að vinna í svona málum og ég kemst í gegnum dagana með því að segja við mig: „Ég fæ engu breytt.“ Ég get grafið mig niður með hugsunum um allar góðu og fallegu stundirnar og hugsunum um hvað Friðfinnur var góður drengur og hvað hann náði frábærum árangri og hvað hann var frábært eintak. Á móti verð ég að hugsa um að samt fæ ég engu breytt. Þannig myndast jafnvægið í lífi mínu og það vil ég benda öðrum syrgjendum á. En hver og einn þarf að fá tækifæri til að þroskast í gegnum sorgina á sinn hátt. Sorgin er systir ástarinnar og við verðum að muna að stundum er lífið óréttlátt. Viðbrögð okkar við margbreytileika lífsins skera úr um sátt okkar við lífið, farsæld, hamingju og þroska.“

Kristinn andvarpar og segir svo: „Ég hef unnið lengi við sálgæslu og sáttamiðlun og hugsanlega hefur reynslan af því gert mig harðari á yfirborðinu eins og gerist hjá þeim sem vinna með sorg, einmanaleika, sjúkdóma og slys. En ég er líka tilfinningavera og reyni að skapa jafnvægi á milli skynsemi og tilfinninga. Það er mitt þroskaverkefni.“

Guð gefi mér æðruleysi til þess að sætta mig við það sem ég fæ ekki breytt, kjark til að breyta því sem ég get breytt og visku til að greina þar á milli.

„Ég hef farið yfir þessa bæn með hundruðum manna í gegnum lífið en aldrei skilið hana í raun og sann fyrr en núna.“

Hann andvarpar aftur og segir: „Öll lífsreynsla dvelur með okkur út lífið. Góðu minningarnar getur maður alltaf haft hjá sér en æ lengra verður á milli sárustu stundanna. Það er samt svo merkilegt að ef við förum ekki í afneitun gagnvart lífsreynslunni þá verður persónuleiki okkar dýpri og tengslin við annað fólk hlýrri.“

Séra Kristinn leitar huggunar í trúnni.

„Trúin er mér ekki hækja, heldur jafn sjálfsögð og andardrátturinn. Ég bið Drottinn um að umvefja Friðfinn sínu ljósi og kærleika og að honum líði eins og hann hefði svo gjarnan viljað í lifanda lífi. Trúin er að uppgötva að veröldin er heldur stærri en við hugðum þegar við skimuðum um heimdragann. Trúin er að vera ekki fyrir okkur sjálfum, vera ekki með sjálf okkur á heilanum og setja lífinu ekki skilyrði, heldur láta þessi þrjú orð faðirvorsins segja sig sjálf í sálinni: „Verði þinn vilji.“ Þá gerast miklu betri hlutir en okkur sjálfum hefði dottið í hug. Kaupaukinn er djúp slökun, djúpur friður og djúp gleði.“

Lykilhlutverk Íslands
við endurreisn Ísraelsríkis

„Hvernig gat það gerst, að litla eyjan okkar ætti eftir að hafa svo afgerandi áhrif á sögu svo stórkostlegrar þjóðar (Ísraels)?“ Frásögn Abba Eban o.fl. af atburðum á þingi Sameinuðu þjóðanna í nóvember 1947



Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 1947

Þegar Allsherjarþingið kom saman þann 27. nóvember árið 1947, þá vorum við svartsýnir.
Það voru öll líkindi til þess, að ef atkvæðagreiðsla færi fram, þá mundum við ekki ná tilskildum meirihluta, 2/3 atkvæða. Daginn áður, þá virtust líkindin vera okkur í hag. En nákvæmlega á þeirri stundu, hafði franski fulltrúinn, Alexandre Parodi, óskað eftir frestun á fundinum. Á þeim 24 tímum, sem síðan höfðu liðið, þá höfðum við misst fylgi. Fulltrúi Úrúgvæ, Rodriguez Fabregat prófessor, hóf langan fyrirlestur sem við hlutum að túlka sem málþóf. Þegar mínúturnar liðu, virtist öll von vera úti. Það var þá, sem forseti þingsins, Ambassador Aranha, endurnýjaði vonir okkar. Hann hafði komist að því, að nú var orðið áliðið og mikilvæg ákvörðun lá fyrir þinginu og daginn eftir var frídagur í Bandaríkjunum, þakkargjörðardagurinn. Aranha frestaði fundinum með styrkri hendi, og hlustaði ekki á mótmæli Araba. Það var ljóst, að við mundum vita afdrif málsins hinn 29. nóvember og að 28. nóvember yrði dagur mikillar vinnu. Við unnum aftur töluvert fylgi þennan þakkargjörðardag. Við höfðum nú góða ástæðu til að ætla, að við fengjum atkvæði Filippseyja og Líberíu. Fréttir frá Frakklandi voru af skornum skammti, en jákvæðari en áður. Samt vissum við að málið gæti orðið leiksoppur smávægilegra atvika á þinginu.
Ekkert var tryggt, en sömuleiðis hafði ekkert tapast fyrir fullt og allt.

Teningnum var kastað og það var afar lítið sem flestir okkar gátu gert, nema að biðja fyrir komandi atkvæðagreiðslu. Samt sem áður, þá voru nokkur atriði, sem þurfti að sinna svo ekki kæmu upp vandamál og úrslitin yrðu ótvíræð. Sendinefnd Araba, sem Chamille Chamoun veitti forstöðu, ákvað að setja upp leiksýningu, með því að bera fram miðlunartillögu, til þess að koma í veg fyrir að skiptingartillagan yrði samþykkt. Pólitíska nefndin, hafði þegar hún ákvað að leggja fram skiptingaráætlunina, sett á stofn nefnd þriggja ríkja sem átti að kanna hvort hægt væri að finna samkomulagsleið. Við vissum að þetta var ómögulegt. Ef samkomulagsleiðin hefði verið fær, þá væri engin þörf fyrir umræður á Allsherjarþinginu. Þeir meðlimir þingsins, sem útnefndir voru til að rannsaka samkomulagsleiðina, voru frá Ástralíu, Taílandi og Íslandi. Íslenski fulltrúinn, ambassador Thor Thors, átti að vera framsögumaður.

Um morguninn hinn 29. nóvember, hafði taílenski fulltrúinn, prins Subhasvasti, tekið þá viturlegu ákvörðun að fara með skipinu Queen Mary, áleiðis til Bangkok, að því er virtist vegna uppreisnarástands heima fyrir, en í raun var það vegna þess að hann vildi forðast að þurfa að greiða atkvæði gegn skiptingu.

Formaður nefndarinnar, Dr. Herbert V. Evatt hafði ákveðið að yfirgefa New York þann 27. nóvember og taka síðdegislestina til



Abba Eban

San Fransisco, þar sem hann átti bókað far með skipinu Matsonia heim til Ástralíu.
Talið er að ástæða þess að Dr. Evatt, yfirgaf þingið hafi verið sú, að hann hafi ekki viljað styggja fulltrúa Arabaríkjanna meira en orðið var, þar sem hann hafi þá þegar verið farinn að undirbúa framboð sitt til embættis forseta Allsherjarþingsins árið eftir.

Það var enn nokkur uggur meðal fólks hjá Gyðinga-stofnuninni (Jewish Agency), sérstaklega ef Allsherjarþingið fengi ekki jákvæð skilaboð gagnvart skiptingu frá íslenska fulltrúanum, þá yrði atkvæðagreiðslu um tillöguna frestað og menn færu enn að leita að ímyndaðri samkomulagsleið.

Hvað sem því leið, þá mundi Thor Thors verða fyrsti ræðumaðurinn þennan sögulega dag og það virtist mikilvægt að hann setti jákvæða umræðu af stað. Þess vegna, byrjaði ég daginn þann 29. nóvember á því að heimsækja hann á Barclay-hótelið. Mér fannst staða mín vera dálítið sérkennileg og mér þótti við hæfi að segja honum það hreint út. Gyðingaþjóðin stóð nú á tímamótum. Ef við næðum árangri, þá mundi þúsund ára draumur rætast. Ef okkur mistækist, þá gæti sá draumur slokknað í margar kynslóðir. Lykillinn að þessum vendipunkti, á fyrsta hluta fundarins hjá SÞ, yrði í höndum lítils eyríkis í miðju Atlantshafi með íbúafjölda innan við 175.000 manns. Það er einn eiginleiki fjölþjóðlegra diplómatískra samskipta, að ríkisstjórnir þurfa stundum að skera úr um stórmál, sem þær eru aðeins fjarlægur áhorfandi að, en er lífsspursmál fyrir þjóðir langt í burtu. Framtíð okkar sem þjóðar á einum mesta örlagadegi sögunnar, byggðist á því viðhorfi eða andrúmslofti sem skapað yrði á þinginu af fulltrúa Íslands. Ég bað ambassador Thor Thors um að velta fyrir sér þeim sögulegu tíðindum sem hér væru í uppsiglingu.

Hann svaraði af mikilli tilfinningu. Hann sagði að Ísland stæði mun nær hlutskipti Gyðinga en ég héldi. Íslensk menning væri gegnsýrð af biblíulegum minnum. En það sem meira væri, á Íslandi væri bæði þrjóskt og fastheldið lýðræði og þjóð sem hefði öld eftir öld vandlega varðveitt þjóðararfinn, sem væri sérstakt tungumál og bókmenntir. Íslendingar sem væru harðákveðnir í að vera þeir sjálfir, hefðu ávallt hafnað því að yfirgefa þetta afskekkta, regnbarða eyland í skiptum fyrir hlýrra og blíðara veðurfar annars staðar. Slíku fólki væri hægt að treysta til að skilja þá þrautseigju sem Gyðingar hefðu sýnt við að halda í auðkenni sín, minningar og þjóðararf. Ambassador Thors var mér fullkomlega sammála um að það sem nú væri þörf á, væri „ákvörðun,“ en ekki tilgangslaus leit að „samkomulagi.“ Ef ákvörðunin væri skýr og vel rökstudd, þá væri von til þess að hún mundi síðar leiða til samkomulags.

Það var eingöngu vegna þess að allir möguleikar á samkomulagi höfðu verið reyndir til þrautar, á þrjátíu ára ferli umboðsstjórnar Breta í Palestínu, að málið var nú komið til Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna. Hann mundi halda því fram, að ef Allsherjarþingið ætlaði ekki að gera neina skýra tillögu, þá væri það að bregðast skyldu sinni og þar með væri það að slökkva sumar af kærustu vonum mannkynsins.

Ég hélt til aðalstöðva Allsherjarþingsins, en þar var mikil spenna. Blaðamenn, sjónvarps- og útvarps-fréttamenn víðs vegar að úr heiminum höfðu safnast saman í hliðarsölunum, meðan sæti fulltrúanna og áhorfendabekkirnir voru troðfullir, meira en nokkru sinni áður. Hinar Sameinuðu þjóðir, voru að horfast í augu við gríðarstórt tækifæri snemma á ferli sínum. Á sviðinu, sátu þeir fölir og alvarlegir, forseti þingsins Oswaldo Aranha, framkvæmdastjórinn Trygve Lie og hinn ákaflega holdugi aðstoðarframkvæmdastjóri, Andrew Cordier. Aranha setti fundinn og bauð fulltrúa Íslands að stíga í ræðustól.

Mér til mikils léttis, þá var ræða Thor Thors stórkostleg. Hann sagði af miklum sannfæringarkrafti að þrátt fyrir að allar leiðir hefðu verið kannaðar, þá væri hann og nefnd hans sannfærð um að ómögulegt væri að ná samkomulagi fyrirfram. Eina vonin um frið, lægi í því að fella hér úrskurð og taka ákvörðun. Ef samfélag þjóðanna stæði þétt að baki skiptingu, þá mundi skiptingin verða að veruleika og þeir sem stæðu gegn henni núna, hefðu ekki annan kost en að láta sér það lynda.

Frá þeirri stundu, fór umræðan óhjákvæmilega á okkar band. Tilraun sem Chamoun gerði til að fá frestun á málinu og fara að ræða tillögu um sambandsríki, var dæmd óhæf af Aranha og gegn henni stóðu Gromyko frá Sovétríkjunum og Hershel fulltrúi Bandaríkjanna með áhrifamikilli samstöðu. Nú voru Bandaríkin og Sovétríkin orðin þreytt á mörgum frestunaruppátækjum sem Allsherjarþingið hafði orðið að þola, bæði af hálfu Araba og Breta. Hér í fyrsta sinn frá stríðslokum, voru bæði risaveldin sammála um meiriháttar alþjóðamál, og lönd sem báru minni ábyrgð, þvældust fyrir því að vilji risaveldanna næði fram að ganga. Carlos Romulo hershöfðingi frá Filippseyjum, sem hafði talað gegn skiptingu tveimur dögum áður, var nú horfinn. Í staðinn var kominn nýr fulltrúi Filippseyja, sem mælti jafn ákaflega með skiptingu, eins og hinn hafði talað gegn henni. Líbería hafði einnig snúist á sveif með okkur. Mér til mikils léttis, þá höfðu ríki sem ég hafði verið í tengslum við — Benelux-löndin — nú lýst yfir einlægum ásetningi um að styðja skiptinguna. Það var enn ótti við að Frakkar mundu sitja hjá og breyta þessum horfum.

Að endingu lauk ræðuflutningi og alvarleg þögn kom yfir salinn. Aranha lýsti því yfir að hann hygðist hafa atkvæðagreiðsluna í stafrófsröð. Sumir okkar sem voru viðstaddir, muna enn tóninn sem Cordier notaði þegar hann endurtók atkvæðin. „Argentína — situr hjá.“ „Afghanistan — nei.“ „Ástralía — já.“ „Belgía — já.“ „Bólivía — já.“ „Hvítarússland — já.“ Og þannig hélt það áfram. Þegar Frakkland svaraði hátt „oui,“ þá braust út lófaklapp í salnum, sem Aranha stöðvaði stranglega. Þegar atkvæðagreiðslan var komin hálfa leið gegnum stafrófið, þá vissum við að málið var örugglega í höfn. Að lokum, eftir að Júgóslavía hafði setið hjá, þá heyrðum við þessi sögulegu orð: „Þrjátíu og þrjú með, þrettán á móti, tíu sitja hjá, ein fjarvera. Ályktunin er samþykkt.“

Heimildir:
Abba Eban, An Autobiography,1977
og Daniel Mandel , H.V. Evatt and
the Establishment of Israel 2004



Aðalsyndin er að vera fyndinn

Séra Pétur Þorsteinsson, safnaðarprestur Óháða safnaðarins, segir að frumatriði fyrir heilsuna og andlega líðan sé að vera með húmor. „Í Fyrra heftinu er minnst á að dapurt geð skrælni beinin. Þess vegna er gleðin ein af frumforsendum þess að þér líði vel sem og þakklæti.“ Hann leggur áherslu á húmor í messum sínum og talar um „jarðarfjör“ í sumum tilfellum.

Séra Pétur Þorsteinsson, safnaðarprestur Óháða safnaðarins, er spurður hvers vegna hann hafi á sínum tíma ákveðið að verða prestur. „Ég valdi guðfræðideildina þegar ég lauk menntaskóla til þess að rífa niður hinar feysknu stoðir kirkjunnar sem mér fannst vera hundleiðinleg. Þegar ég var í Menntaskólanum í Reykjavík lagðist ég á guðfræðinemana í námskynningum í skólanum til að segja þeim það allt saman. Svo síðustu þrjú árin sem ég var í guðfræðideildinni var ég hinum megin á námskynningunum og hlustaði á krakkana segja hið sama og ég hafði sagt áður þannig að ég skil vel þá sem segja slíkt og upplifa. Ég reifst ekki við þá eða fór í vörn heldur spurði: „Hvað myndir þú vilja gera í þeim efnunum?“ Ég afdjöflaðist á öðru ári í guðfræðideildinni þar sem ég sá stöðu mína frammi fyrir Guði og gerði mér grein fyrir að ég þyrfti á honum að halda.“

Pétur segist hafa verið „æskulýðsleiðtogi“ á elliheimilinu Grund í fullu starfi í 12 ár eftir að hann útskrifaðist frá guðfræðideildinni en hann segir að starf „æskulýðsleiðtoga“ felist í því að koma þrisvar í viku, lesa dagblöðin til að finna þar eitthvað til að rabba um við heimilisfólkið og finna síðan söngva sem sungnir eru við gítarundirleik hans. Hann sótti svo árið 1995 um sem prestur hjá Óháða söfnuðinum, einn af sex umsækjendum, og var ráðinn. Í dag er hann í 25% starfi á Grund og 75% starfi hjá Óháða söfnuðinum.

Rjóminn

Pétur er spurður hvað trúin sé í huga hans. „Hún er fyrst og fremst traust til Guðs þar sem sögnin „að trúa“ þýðir „að treysta““.“

Hver er Guð? „Hinn þríeini Guð: Guð sem skapaði þig og mig, fjöllin og fiskana, blómin og beljurnar sem gefa okkur himneska hamingju í sinni lokaafurð: Rjómanum. Guð sem birtist okkur í Jesú Kristi þegar hann gerðist maður og kom á jörðina og sagði okkur boðskap Guðs um frelsun og fyrirgefningu auk þess að gefa okkur eilífa líf. Svo er það heilagur andi, sem er andi Guðs, sem Jesú hafði lofað okkur að hann myndi senda þegar hann færi til Guðs til að varðveita okkur og leiða í ólgusjó lífsins.“

Hver er Jesús? „Guð sem þú getur treyst á, talað við í bæninni og það bjarg sem gott er að eiga og vita af þótt á móti blási.“

Pétur er spurður hvort hann telji að Jesús hafi verið eingetinn. „Já. Ef Guð er Guð þá getur hann gert kraftaverk.“

Að létta lundina

Séra Pétur Þorsteinsson er þekktur húmoristi og þessi húmor hefur fylgt honum frá því hann var polli.

„Ég hafði gaman af því að segja brandara í æsku sem og einnig í dag og ég las ævinlega brandara í bókum eða blöðum sem bárust heim eða sem ég komst yfir hvar sem ég var. Ég hef á ferðalögum erlendis keypt brandarabækur til að lesa og stundum til að skreyta ræðurnar í starfinu, sem er mikilvægt, þar sem kirkjan er oftar en ekki eins og ein eilíf jarðarför. Kristindómurinn er þvert á móti fagnaðarerindi. Það er hlutverk predikarans að færa boðskapinn í þann búning; að létta lundina aðeins.“

Hann segist ekkert endilega vera að stríða þegar hann segir brandara. „Stundum tekst manni upp betur með því að heimfæra brandarana eða grínathugulheitin upp á sjálfan sig. Þá er ekki verið að skjóta á einhvern eða einhverja. Stundum eru sumir svo óhemjulega sárir fyrir hönd annarra og þá verður rétttrúaðalögmálsliðið snarvitlaust inni á sundurfélagsmiðlunum sem ég kalla svo í Pétrísku orðabókinni - þar sem þeir eru ekki samfélagsmiðlar heldur þvert á móti sundurfélagsmiðlar.“

Pétur segir að í guðsþjónustum leggi hann áherslu á að fólk finni sig heima í kirkjunni. „Ég legg áherslu á að kirkjan sé ekki jarðsprengjusvæði sem ekki megi ganga um og þar sem þurfi að tipla á tánum. Það er í lagi að ropa og reka við í kirkjunni þar sem það er nú bara hluti af því að vera maður með sín búkhljóð.“

Málið á bak við málið

Pétur er spurður hvaða máli húmorinn skipti hann. „Stundum er miklu auðveldara að fyrirgefa ef húmorinn er notaður. Fólk, sem er létt í lund, gefur meira af sér til náungans. Því líður betur og á auðveldara með að sá gleði og glensi í kringum sig. Því skiptir húmorinn afarhreint miklu máli í mannlegum samskiptum.“

Hvað er húmor?

„Viðvera fyrir ofan mínus 273 gráður á Celsius sem er alkyrrumark mólekúlanna. Sumir eru fæddir fimmtugir og eru hundrað ára í hugsun. Það er nú ekki skemmtilegasta fólkið sem er umgengist. Þess vegna er það mikilvægt að reyna að létta lund fólksins, láta það upplifa kirkjuna sem gleðistað en ekki enn eina eilífa jarðarför. Sumir erlendir spyrja hvernig jarðarfarir séu hjá okkur á Íslandi úr því að messurnar eru svona daprar og þungar.“



Á Musterishæðinni.

Pétur er oft í grínstuði einn með sjálfum sér. „Þegar ég er einn með sjálfum mér þá er ég oft í huganum að útbúa og semja ræðu sem á að flytja í næstu messu. Ég flyt þær blaðalaust, en ég stend niðri og nær fólkinu en ekki uppi í predikunarstólnum, og þá er gott að geta uppbyggt ræðuna þannig að léttleikinn sé í fyrirrúmi. Orðin í Pétrískunni verða oft þannig til að það er málið á bak við málið sem fólki finnst vera hlægilegt. Þess vegna vakna hugrenningatengsl við merkingu orðsins, sem er almennt, en nýja merkingin gefur oftar en ekki gríninu gaum.“

Húmoristinn í Óháða söfnuðinum segir að frumatriði fyrir heilsuna og andlega líðan sé að vera með húmor. „Í Fyrra heftinu er minnst á að dapurt geð skrælni beinin. Þess vegna er gleðin ein af frumforsendum þess að þér líði vel sem og þakklæti.“

Jarðarfjör

Pétur segir að í „dauðadeildinni“ hafi sér tekist á seinni árum að láta fólk sleppa staðreyndastaglinu um hinn látna; ekki hafa þetta upplestur á ferilskrá viðkomandi. „Hann er nægur í svarta letrinu sem birtist í kringum hausinn í minningargreinunum í Blaði allra eftirlifandi landsmanna. Þegar ég hef útskýrt þetta fyrir fólki þá er það miklu frekar til í að segja mér grínsögur sem aðeins hinir nánustu hafa vitað um; undarleg tilsvör, óheppilegar aðstæður eða hvað annað sem gleður kirkjugestina þar sem þeir hafa aldrei heyrt á þessar frásagnir minnst áður. Þá er þetta ekki jarðarför heldur jarðarfjör þar sem það má segja frá þessu í ræðunni. Jákvæðustu viðbrögðin hef ég fengið í svona ræðum þar sem JJ-kristindómsfólkið er komið til að fara – nennir ekki að vera lengi í kirkjunni - og komast í kaffið og kransæðakíttiskökurnar í erfidrykkjunni þar sem það er oft erfitt að greiða jarðarfararkostnaðinn. Ef viðkomandi var tilbúinn undir tréverk á efri árum, saddur lífdaga, búinn að ákveða hvort hann yrði grillaður eða grafinn og hvar búkarest yrði þá gefur maður í og jafnvel bætir við, leikur hluta af ræðunni og ég kem þá með tæki og tól til að leggja áherslu á eitthvað. Ég hef sungið í ræðu, dansað, hoppað, klappað og bankað á kistuna, verið með sjónhverfingar, eins og eru í galdramessunum hjá okkur, og þá er gerlegt að koma með eitthvað þaðan. Þannig er hægt að auka á léttleikann.“

Gamanmenni

Pétur segist leggja áherslu á að vera einlægur. „Fólk sér það fljótt hvort um svo sé að ræða. Alls ekki vil ég meiða neinn eða særa. Á lokasprettinum í starfinu þá býst fólk við einhverju af manni í þessa veruna af því að það er farið að þekkja safnaðarprestinn og hvernig persóna hann er.“

Það eru ekki allir með húmor og kannski sérstaklega ekki þegar viðkomandi er í jarðarför þar sem presturinn grínast. Hefur fólk móðgast og fundist safnaðarpresturinn ganga of langt? „Eflaust hefur fólki fundist ég fara yfir mörkin einhvern tímann og einkum þeir sem hafa aldrei komið í jarðarfjör áður. Einn af eitt hundrað segir eflaust að ég sé klikkaður. Stundum kalla ég sjálfan mig Klikkklerkinn. En á meðan 99 eru sáttir þá er ég sáttur og vel það. Enginn hefur komið til mín og sagt sig úr Óháða söfnuðinum út af þannig ræðu. Þvert á móti þá muna menn eftir ræðum sem ég var búinn að gleyma. Einmitt þá vitna þeir í einhver grínathugulheit og spyrja jafnvel hvenær næst verði jarðarfjör í Óháða. Þá þyrfti ég að hafa aðgang að sjúkraskýrslum alríkisspítalans og sjá hver sé „lík“legastur næst til að verða kominn í „ná“lægðina.



Sumum finnst aðalsyndin vera að vera fyndinn. Það eru nú aldeilis aðrar syndir sem eru miklu meiri heldur en að vera fyndinn í starfinu.

Sumum finnst aðalsyndin vera að vera fyndinn. Það eru nú aldeilis aðrar syndir sem eru miklu meiri heldur en að vera fyndinn í starfinu.“

Jú, séra Pétur Þorsteinsson finnur ýmislegt fyndið í tengslum við trúna, Guð og Jesú Krist. „Já, mér finnst oft vera auðveldara að vera með eitthvað fyndið ef það tengist trúnni þar sem þá uppgötva sumir fjársjóð sem þeir vissu ekki af áður. Það er tilvalið að vekja fólk til umhugsunar og hvetja það til þess að grufla í því sjálft og leiða það inn á þann veg.“

Pétur Þorsteinsson er orðinn eldri borgari. „Ég er orðinn 68 ára aldinn að árum. Ég hætti ekki allt í einu að grínast þegar ég varð löggilt gamalmenni. Það hefur ekki breyst neitt. Ef til vill er ég líka gamanmenni sem og gamalmenni.“



Við fæðingarstað frelsarans í Betlehem.

Orðaskýringar:

Alkyrrumark: Þegar frostið er orðið mínus 273 gráður á Celsíus, þá hreyfast mólekúlin ekki neitt. Þannig eru sumir með að sjá ekki hið spaugilega við lífið og tilveruna.

JJ-kristindómur: Þeir sem sækja bara kirkjur um jólin og til að fara í jarðarfarir.

Drengur læknaðist

Hafði 26 alvarlega fæðingargalla

R. W. Schambach var vitni að afdrifaríkri lækningu á samkomu hjá predikaranum A. A. Allen:



R W Schambach

Mesta kraftaverk sem ég hef séð með eigin augum gerðist árið 1958. Kona kom á samkomu með son sinn sem hafði 26 alvarlega fæðingargalla. Hann fæddist blindur, augu hans voru hvítleit og enginn vissi hvernig þau ættu í rauninni að vera á litinn. Báðir fótleggirnir voru vanskapaðir.

Þetta voru aðeins hinir sýnilegu fæðingargallar þessa litla drengs. Lungu hans voru einnig vansköpuð, nýrun hjartað og fleira... 26 alvarlegir gallar.

Ég mun aldrei gleyma konunni. Hún kom með drenginn til Birmingham í Alabama, þar sem samkoman var haldin og dvaldi í eina viku. Ég var að prédika á eftirmiðdagssamkomunni og reyndi að byggja upp trú hennar. Á þessari samkomu var dreift bænaspjöldum til þeirra sem þurftu á lækningu að halda, en bænaspjald hennar hafði ekki enn verið kallað upp. Guð starfar á margvíslegan hátt og þessa viku sýndi Guð þjóni sínum nokkuð nýtt fyrir Heilagan anda.

Ég fékk sérstaka umhyggju fyrir drengnum, hann varð mér hjartfólginn og ég þráði að fá að sjá hann upplifa sérstakt kraftaverk. Þessi kæra móðir kom til mín eftir hádegi á sunnudeginum og sagði: „Ég er búin að vera hér alla vikuna." Ég sagði, „ég veit það." „Heldurðu að spjaldið mitt verði ekki kallað upp í kvöld?" spurði hún. „Ég veit það ekki," svaraði ég. „Mun guðsmaðurinn kalla upp spjaldið mitt?" Aftur svaraði ég: „Ég veit það ekki."

Hún sagði: „Ég er búin með peningana mína. Ég hef búið á hóteli og borðað á veitingahúsum alla vikuna. Ég hef farið á allar samkomurnar og ég á aðeins tuttugu dollara eftir. Fimm dollara fyrir bensíni og fimmtán dollara fyrir lækninn á mánudaginn." Hún var utanbæjarmanneskja og hafði aðeins nægilega peninga til að kaupa bensín og fara heim. Þetta var á þeim tímum þegar bensínið kostaði 18 sent gallonið. Fimm dollarar rétt nægðu henni fyrir heimferðinni frá Birmingham til Knoxville.

„Hafir þú efni á því er engin trú í því!"

Ég mun aldrei gleyma því, þegar guðsmaðurinn steig út á ræðupallinn síðasta samkomukvöldið. Hann sagði nokkuð sem ég hafði aldrei heyrt hann segja áður. Hann sagði, „ég vil koma samskotunum frá, því ég trúi því að Guð ætli að gera eitthvað stórkostlegt." Hann sagði við fólkið, „í kvöld vil ég að þú gefir Guði trúarfórn. Ef þú veist ekki hvað það merkir, þá þýðir það að gefa Guði eitthvað sem þú hefur ekki efni á að gefa. Hafir þú efni á því, er engin trú í því!"

Á sömu stundu og hann sagði þetta, leit ég á konuna sem sat aftarlega með drenginn sinn, fjögurra ára, en læknirinn hafði sagt henni að hann mundi alls ekki geta náð að lifa í eitt ár. Hún tók barnið, rétti það konu sem var við hlið hennar og hljóp fram ganginn. Hún varð fyrst til að ná til gjafakörfunnar og hún fleygði einhverju í hana.

Ég var á pallinum og stökk upp og leit í körfuna. Þennan sama dag hafði hún sagt mér hve mikla peninga hún ætti. Þegar ég leit í körfuna, gettu hvað ég sá? Tuttugu dollara seðil. Ég flýtti mér baksviðs og grét eins og barn. Ég sagði: „Drottinn ég hef reynt alla vikuna að kenna þessari konu um trú. Jesús, viltu gefa mér trú eins og ég hef séð þessa konu sýna." Ég veit ekki hvort ég hefði getað gert þetta. Og þú veist ekki heldur hvort þú hefðir getað gert það, nema þú værir í svipuðum kringumstæðum.

„Kona, Guð ætlar að gefa þér 26 kraftaverk!"

Guðsmaðurinn byrjaði að predika. Eftir tuttugu mínútur sagði hann: „Ég hef verið hrifinn burt í Andanum."
Ég hugsaði: „Nú ætlar hann með okkur í enn eina ferðina!" Ég var að hugsa um litla barnið sem mundi enn verða útundan. Guðsmaðurinn sagði: „Ég kem að stórri byggingu, ég fer inn í hana, það er sjúkrahús og ég heyri barnsgrát. Það er fæðingardeild. Barn er nýfætt. Barnið er drengur fæddur með 12, 14 ... 26 alvarlega galla!"

Þegar hann sagði þetta, þá mátt þú trúa að ég lifnaði allur við og sagði við sjálfan mig: „Þetta er kvöld litla drengsins."

Predikarinn hélt áfram, „ég heyri í læknunum. Þeir segja að barnið muni ekki ná eins árs aldri. En þeir höfðu rangt fyrir sér. Barnið lifir enn. Ég sé móðurina setja niður í litla ferðatösku, barnið er í körfu og aðrar konur eru með henni. Þau eru að fara í ferðalag. Þau fara inn í gamlan Ford. Ég sé fylkismörkin milli Tennessee og Alabama. Billinn er að fara inn á bílastæðið. Síðan sagði hann: „Kona, þú ert hérna í kvöld, komdu núna með drenginn, því Guð ætlar að gefa þér 26 kraftaverk!" Konan kom með drenginn.

Mér var ekki sögð þessi saga. Ég sá þetta gerast með eigin augum. Það voru 2.500 - 3.000 manns á samkomunni. Konan setti barnið í fang predikarans og hann fór að ganga fram og aftur um pallinn. Ég stóð upp og gekk alveg að hlið hans. Hann sagði: „Lokið augunum öllsömul." Ég hugsaði, „ekki ég, góði minn, ég ætla að fara eftir ritningunni í þetta sinn, ég ætla að horfa á og biðja. Ég hef beðið alla vikuna eftir þessu!"

Allir sem voru sjúkir læknuðust fyrir kraft Guðs!

Ég mun aldrei gleyma því fyrsta sem ég sá gerast, en það var að tungan sem lá út á kinn small inn eins og teygja. Hún fór nú í fyrsta sinn inn í munninn eftir fjögur ár. Þegar handleggirnir fóru að smella í réttar skorður hljómaði það eins og harðviður væri að hrökkva og brotna. Fæturnir tóku á sama tíma samskonar viðbragð eins og hendurnar og handleggirnir.

Það næsta sem ég sá var hreyfing í mjólkurlituðu augunum. Guð var að lækna augu hans! Allt í einu hvarf mjólkurliturinn og ég sá tvö falleg brún augu. Drengurinn hafði fæðst heyrnarlaus og ég vissi, að ef Guð opnaði augu hans þá mundu eyrun einnig opnast! Síðan fyrir framan alla, myndaði Guð heilbrigða fætur

Móðir hans stóð á pallinum með upprétta arma og tárin runnu niður kinnar hennar. Hún kom til að fá sitt einstaka kraftaverk og Jesús olli henni ekki vonbrigðum!

Drengurinn hafði aldrei gengið, aldrei talað og aldrei séð móður sína. Predikarinn setti hann niður. Ég mun aldrei geta gleymt því. Á pallinum tók hann á rás og ég var rétt á hælum hans! Ég sá hann hlaupa í faðm móður sinnar og heyrði hann segja sín fyrstu orð: „Mamma." Það megið trúa því að eitthvað yfirnáttúrulegt átti sér stað! Þetta var eins og keðjuverkun.

Öðru megin á pallinum voru tólf hjólastólar. Fólkið sem sat í þeim var ósjálfbjarga. Sumir voru lamaðir frá hálsi og niður. Án vonar! Þegar Guð læknaði þennan dreng var eins og yfirliðþjálfi gæfi skipun, allir í þessum tólf hjólastólum stóðu upp algjörlega læknaðir fyrir kraft Jesú Krists og fóru að ganga um!

Sex blindir einstaklingar með stafi (sem merkir algjörlega blindir) læknuðust og gengu fram. Um tvær tylftir fólks með heyrnartæki læknuðust og tóku tæki sín úr sambandi. Fólk kom með stafi, hækjur og göngugrindur fram að pallinum. Allt það fólk sem kom sjúkt inn í bygginguna, gekk út úr henni læknað fyrir kraft Guðs!

„Þú getur ekki slegið Guð út í gjöfum!"


Seinna fékk ég sérstakt bréf boðsent frá konunni. Hún skrifaði: „Bróðir Schambach, Guð gaf þessi 26 kraftaverk, en þú sást ekki allt, eins og það að hann skapaði kynfæri á drenginn minn!" Hún sagði: „Það er enn eitt kraftaverk sem þú veist ekkert um. Ég sagði þér að ég hefði gefið allt í samskotin. Guð veit að ég sagði sannleikann. Þegar þú fórst, kom kona til mín og heilsaði mér með handabandi. Þegar hún gerði það, fann ég skrýtna tilfinningu í lófanum. Þegar konan sleppti hendi minni, þá kom í ljós að tilfinningunni olli 20 dollara seðill. Annað fólk kom í röðum og allt vildi það taka í hönd mína og allir gáfu mér gjafir. Ég hljóp inn á kvennasnyrtinguna og taldi alla þessa peninga og þá kom í ljós að ég fór með meira fé heim, en ég hafði farið með að heiman!"


Í bréfi sínu sagði þessi kæra móðir: „Er þetta ekki líkt Jesú! Hann leyfði mér að búa á hóteli í viku, borða þrjár máltíðir á dag á veitingahúsi, fara daglega á þrjár samkomur og fá andlega blessun og fara heim með algjörlega nýjan dreng! "

Eitt sagði hún í þessu bréfi, sem hefur fylgt mér síðan: „Þú getur ekki slegið Guð út í gjöfum!"









Billy Graham og Albert Einstein

Billy Graham þjáðist af Parkinsonsveiki á efri árum. Í janúar, mánuði fyrir 93 ára afmæli hans, buðu leiðtogar bæjarins Charlotte í Norður-Karólínu frægasta íbúanum, Billy Graham, til hádegisverðar honum til heiðurs.
Billy hikaði í fyrstu við að þiggja boðið vegna sjúkdómsins. En leiðtogar Charlotte sögðu: „Við búumst ekki við meiriháttar ávarpi. Komdu og leyfðu okkur að heiðra þig.“ Svo hann lét til leiðast.
Eftir að dásamlegir hlutir höfðu verið sagðir um hann, gekk Dr. Graham að ræðupúltinu, horfði á mannfjöldann og sagði: „Í dag minnist ég Albert Einstein, hins mikla eðlisfræðings sem í þessum mánuði var heiðraður af tímaritinu Time sem maður aldarinnar. Einstein var eitt sinn að ferðast frá Princeton í lest, þegar lestarvörðurinn kom niður ganginn og gataði farmiða allra farþega. Þegar hann kom til Einstein teygði Einstein sig í vestisvasann. Hann fann ekki farmiðann sinn svo hann athugaði buxnavasana. Miðinn var ekki þar. Hann leitaði í skjalatöskunni sinni en fann hann ekki. Síðan leit hann í sætið við hliðina á sér en farmiðann fann hann ekki.
Lestarvörðurinn sagði: ‚Dr. Einstein, ég veit hver þú ert. Við vitum öll hver þú ert. Þú hefur örugglega keypt miða. Ekki hafa áhyggjur af því.‘ Einstein kinkaði kolli þakklátur. Lestarvörðurinn hélt áfram niður ganginn og gataði farmiða farþeganna. Þegar hann var tilbúinn að fara í næsta vagn sneri hann sér við og sá hinn mikla eðlisfræðing skríða á gólfinu að leita undir sæti sínu eftir farmiðanum.
Lestarvörðurinn hljóp til baka og sagði: ‚Dr. Einstein, Dr. Einstein, ekki hafa áhyggjur, ég veit hver þú ert. Ekkert mál. Þú þarft ekki miða. Ég er viss um að þú hefur keypt einn.‘ Einstein leit á hann og sagði: ‚Ungi maður, ég veit líka hver ég er. Það sem ég veit ekki er hvert ég er að fara.‘
Að þessu sögðu hélt Billy Graham áfram: ‚Sérðu jakkafötin sem ég klæðist? Þetta eru glæný jakkaföt. Börnin mín og barnabörnin sögðu mér að ég hafi orðið svolítið sjúskaður til fara í ellinni. Ég var áður aðeins vandlátari. Svo ég fór út og keypti ný jakkaföt fyrir þennan hádegisverð og eitt tilefni enn. Veistu hvert tilefnið er? Ég verð grafinn í þessum fötum. En þegar þú heyrir að ég er farinn úr þessum heimi þá vil ég að þú munir ekki eingöngu eftir fötunum sem ég klæddist. Ég vil að þú munir þetta: Ég veit ekki aðeins hver ég er. Ég veit líka hvert ég er að fara. Megi erfiðleikar þínir vera minni, blessanir þínar meiri, og megi ekkert nema hamingja, koma inn um dyr þínar. Lífið án Guðs er eins og óyddaður blýantur – það hefur engan tilgang.‘
Megi hvert og eitt okkar hafa lifað lífinu með þeim hætti, að þegar síðasti farmiðinn okkar er gataður þurfum við ekki að hafa áhyggjur af því hvert við erum að fara.“





Yfirgaf öryggið fyrir sálarfriðinn

Eiríkur Magnússon starfaði sem lyfjafræðingur, en ákvað að hætta því og fór að vinna fyrir Omega

Eiríkur Magnússon yfirgaf vel launað starf sem lyfjafræðingur við öflugt lyfjafyrirtæki árið 2000 og gekk til liðs við Omega. Margir undruðust þessa ákvörðun Eiríks og töldu hann fórna öryggi en velja óöryggi. Hann er ekki sammála því. Hann hafi öðlast bæði öryggi og sálarfrið í sínu nýja starfi.
„Það er þannig að þegar Drottinn kallar, þá þýðir ekki annað en að hlýða og gera það sem um er beðið," segir Eiríkur í viðtali um átaka- og umbrotatíma í lífi hans, þegar hann kaus að þjóna kristilegu starfi.

Bóklestur frekar en búfé
Eiríkur er uppalinn í sveit fyrstu æviár sín, að Sumarliðabæ í Holtum, en ungur fluttist hann ásamt fjölskyldu sinni til Selfoss þar sem hann átti góð unglingsár og varð stúdent frá Menntaskólanum á Laugarvatni. Eiríkur segir að í sjálfu sér hafi hann ekki saknað sveitarinnar. Hann hafi verið afar ólíkur föður sínum, ekki beinlínis búmannstýpan, en búskapurinn og skepnurnar hafi átt hug og hjarta föður hans. Eiríkur var meira gefinn fyrir bóklestur. Hann segist hafa verið bókaormur, las allt sem hann kom höndum yfir og naut góðs af stóru og góðu bókasafni föður síns.

„Því fer víðs fjarri að ég hafi verið mjög kristinn í æsku og framan af ævi. Ég var í efasemdadeildinni og þóttist vera vísindamaður eða annað slíkt. Menn í þeim hópi eru efasemdarmenn og vilja sönnun fyrir hverjum hlut. Margir ráku því upp stór augu þegar þeir fréttu að Eiríkur Magnússon hefði frelsast."

–Þeir hafa haldið að þú hafir bilast, eða hvað?

„Kannski héldu einhverjir að nokkrar skrúfur í kollinum á mér hafi losnað, en sögðu að þetta hefði verið það síðasta sem þeim hefði dottið í hug," segir Eiríkur og hlær við.

–Var ekki erfitt að yfirgefa öryggið og alla peningana, eru ekki allir að keppast um að verða sem ríkastir?

„Það fylgir því ákveðin óvissa að breyta til og takast á við ný verkefni. Ég var ókvæntur þannig að ég gat auðveldlega tekið ákvörðun um að hverfa frá minni starfsgrein. Eflaust hefur

fjölskyldan orðið hissa, en það var samt ekki mikið rætt.“

Hulan var skyndilega á bak og burt
–Hvernig komu þessi miklu sinnaskipti til?

„Þetta gerðist 1995. Það ár var ég svolítið lasinn, þurfti að vera heima í rúma tvo mánuði, var með nokkurs konar ofnæmi.
Meðan á þessu stóð átti ég erfitt með að sofa á nóttunni. Ég hafði ekki margt fyrir stafni og fór að horfa meira á sjónvarp. Á þessum árum var ekki mikið af sjónvarpsefni í boði á nóttunni nema Omega eftir miðnættið. Það leiddi til þess að ég fór að kíkja á Omega á nóttunni og smám saman fór ég að fylgjast með. Manni fannst þetta kannski svolítið fjarlægt og sumt afar sérkennilegt í fyrstu. En ég fann samt að þetta fólk var einlægt í því sem það var að segja.

Einn daginn kom síðan að vendipunkti hjá mér,“ segir Eiríkur.

„Það gerðist að einhvern veginn féll þessi hula eða þessi þoka sem hylur manni sýn gagnvart trúnni. Skyndilega var hún á bak og burt. Drottinn hafði tekið hana burtu. Allt gerðist þetta á augnabliki, ég upplifði það að Guð er raunverulegur. Hann talaði,“ segir Eiríkur.

„Hafi einhver maður orðið hissa á þessum augnablikum þá var það ég,“ segir Eiríkur um þessa upplifun sína. „Ég sagði bara við Drottin að ég hefði ekki gert mér neina grein fyrir því að málið væri svona. Ég sagði honum að ég væri tilbúinn að fylgja honum og hans vilja þar sem hann væri raunverulegur.“

Eftir það var hann ákveðinn í að helga líf sitt Guði. Hann segist hafa séð hlutina í nýju ljósi daginn eftir, hann hafi verið nánast eins og nýfætt barn. „Þessi veröld sem við erum svo upptekin af var allt í einu orðin grá og lítið spennandi.
Ég fann að mér leið öðruvísi, ég hafði eignast eitthvað nýtt sem var öllu öðru mikilvægara,“ segir Eiríkur.

Nokkrir mánuðir liðu áður en Eiríkur lagði í að heimsækja söfnuði. Hann segir að það hafi þó komið að því, að hann herti upp hugann og fór að sækja biblíulestra hjá söfnuði sem starfaði í Reykjavík á þessum tíma, Orði lífsins. Það hentaði betur í byrjuninni. Svo fór kjarkurinn að aukast og smám saman kynntist hann safnaðarlífinu og sótti samkomur af kappi.

„Maður fór að átta sig meira á út á hvað kristið líf gekk. Ég uppfræddist smám saman í orði Guðs og öðlaðist skilning á út á hvað það gekk að ganga með Guði.“

„Sjálfsagt hefur maður ekki verið mjög hugrakkur í byrjun en með tímanum jafnaði það sig,“ segir Eiríkur þegar hann er spurður hvort hann hafi verið feiminn við að gefa upp trú sína.

Inn í nýja öld í nýju starfi
Það gerðist um það leyti sem flestir töldu að ný öld væri að renna upp, um áramótin 1999 til 2000 að Eiríkur tók þá ákvörðun að leggja til hliðar starf sitt sem lyfjafræðingur hjá Lyfjaverslun Íslands. „A þessum tíma fann ég mjög greinilega að Drottinn var að kalla mig í það að snúa mér að því að hjálpa til á Omega. Það var ljóst að hann ætlaði mér þetta verk. Það var töluvert stór ákvörðun að kveðja starfið, en það endaði með að ég herti upp hugann í þessu máli og hóf að vinna sem fastur starfsmaður á Omega um mitt ár 2000,“ segir Eiríkur.

„Ég reikna með að margt fólk hafi undrast þessa ákvörðun mína,“ segir Eiríkur, en hann hafði hjálpað til á Omega við símsvörun, að taka niður bænarefni og ýmislegt smálegt. Það leiddi eitt af öðru og verkefnin fóru vaxandi.

Fólk í sálarneyð
„Það er mikil neyð víða í þessu landi. Mikil sálarneyð og líka erfiðir líkamlegir sjúkdómar og ýmis andleg vandamál sem fólk er að berjast við. Fólk hringir til Omega og biður um fyrirbænir þannig að við kynnumst þessari hlið mála töluvert.“

„Það gerist að fólk hefur samband við okkur sem er gjörsamlega ráðþrota, fólk sem er komið á ystu nöf í lífinu. Við reynum að sjálfsögðu að uppörva það fólk. Við segjum því að það sé til Drottinn, frelsari. Til hans sé hægt að snúa sér, hann hafi allt sem til þurfi í þetta líf.
Margir hugsa sem svo að þeir hafi reynt allt annað, því þá ekki að reyna þetta. Í mörgum tilfellum hefur fólk eignast nýja von,“ segir Eiríkur Magnússon.

–Kannski er Drottinn að lækna fleiri en læknar og lyfjafræðingar samanlagt?

„Drottinn er sá læknir sem tekur við þegar læknarnir gefast upp og lyf mega sín lítils. Fólk leitar til lækna til að fá lausn frá kvillum sínum og allt gott um það að segja, en þegar ekki gengur lengur að leita til manna sem hafa gefist upp á lækningu sjúkdómsins, þá koma menn oft og leita til Drottins. Hann hefur alltaf svar, kannski ekki svarið sem við mundum ætla, en rétta svarið,“ segir Eiríkur Magnússon.

Eiríkur segir að margir hafi samband við Omega til þakka fyrir efni stöðvarinnar. Svo virðist sem ýmsir fái sig fullsadda á sápufroðuþáttum sem dynja á fólki kvöld eftir kvöld og stilla á Omega til að eignast meiri frið í sálinni.

Allir eru að leita að einhverju
Eiríkur segir að þegar litið er á mannlífið megi sjá að allir eru að leita að einhverju. Eitthvað vantar úr því að leitin er svo víðtæk.
Sjálfur segist hann hafa lokið sinni leit og sú staðreynd færi sér varanlegan frið.

„Ég var síleitandi sem ungur maður. Í háskóla leitaði ég í allskonar speki, var áhugasamur um austurlenska heimspeki, jóga. Það fjaraði út smám saman. Við tók áhugi á stjarnvísindum. Ef þú ferð að skoða það sem við sjáum af alheiminum, þá lýkst upp fyrir þér hvílíkt sandkorn jörðin er og hvílík rykkorn við erum. Óraviddirnar og fjarlægðirnar eru slíkar að þær verða ekki skráðar með venjulegum hætti, þú átt ekki nógu langan pappír. Þegar maður skoðar þessi mál betur verður ljóst að það hlýtur að vera eitthvað að baki slíkri sköpun,“ segir Eiríkur.

„Það er sama hvert er litið, allir eru að leita að hamingju. Sumir menn leita eftir peningum, aðrir frægð og völdum, enn aðrir leita í áfengi eða eiturlyf. Það er eitthvað sem vantar innra með fólki, því er þessi æðisgengna leit stöðugt í gangi. Það er full vinna hjá mörgum að leita og reyna að uppfylla eitthvað sem þeir eru ekki klárir á hvað er. Það er ekki fyrr en menn taka á móti Jesú Kristi að leitin stöðvast,“ sagði Eiríkur.

–En hvað breytist þegar menn fara að ganga með Guði?

„Það er heilmargt sem breytist. Lífsviðhorfið breytist. Það snýst ekki lengur um hvað mér finnst, heldur: Hvað segir Guð í sínu orði? Menn eignast nýtt líf þegar þeir kynnast skapara sínum,“ sagði Eiríkur Magnússon að lokum.

ERTU Í BÍLAHUGLEIÐINGUM?




Birgir Hilmarsson
SÖLUMAÐUR


Rúnar L. Ólafsson
SÖLUMAÐUR


Trausti Jónsson
SÖLUMAÐUR


Sveinn Elías Elíasson
SÖLUMAÐUR

BÍLL.IS

Malarhöfði 2 · 577 3777 · bill@bill.is · www.bill.is

Sagan af
Betty Baxter

Sagan stórkostlega sem þú getur ekki hætt að lesa

Þessu kraftaverki er hægt að líkja við hin stærstu kraftaverk Bibliunnar, t.d. lamaða manninn við Fögrudyr, sem læknaðist gegnum Pétur og Jóhannes. Það er mikil huggun að vita að Jesús frá Nazaret er hinn sami í dag.

Eins langt aftur í tímann og ég man eftir mér hafði ég ekki verið heilbrigð eins og önnur börn. Líkami minn var allur skakkur og vanskapaður. Ég get aldrei gleymt þessari hræðilegu tilfinningu, að ekki væri nokkur von um bata. Ég veit hvernig það er þegar heimilislæknirinn horfir í augu manns og segir: „Betty það er engin von," og að vera ekið frá einu sjúkrahúsinu í annað og sjá sérfræðingana hrista höfuðið og segja að „í þessu tilfelli geta læknavísindin ekkert gert!"

Ég fæddist með boginn hrygg. Hver einasti hryggjarliður var úr skorðum og beinin snúin hvert um annað. Eins og þú veist þá er miðstöð taugakerfisins í hryggnum. Röntgenmyndir sýndu að beinin voru snúin á alla vegu. Þess vegna var taugakerfi mitt í ólagi.

Dag nokkurn þegar ég lá á sjúkrahúsinu í Minneapolis, tók ég að skjálfa um allan líkamann. Í fyrstu var það aðeins titringur, en brátt tók ég að skjálfa frá hvirfli til ilja.

Ég skalf svo mikið að ég féll út úr rúminu. Læknirinn kom þjótandi og kom mér uppí rúmið. Hann sagði: „Þessu hafði ég búist við, nú er sjúkdómurinn kominn á það stig, að ekkert er hægt að gera annað en að senda hana heim."

Þeir tóku hvít bönd og bundu mig niður í rúmið. Það tók ekki fyrir skjálftann en hindraði að ég félli fram úr rúminu. Ég var bundin dag og nótt og var aðeins leyst þegar hjúkrunarkonan baðaði mig. Þegar böndin voru leyst hafi ég ekkert vald yfir líkama mínum.

Ég veit hvað það er að þjást. Ég lifði í þjáningum. Læknarnir gáfu mér stöðugt deyfilyf, svo ég gæti afborið þjáningarnar. Þegar ég fæddist, var hjarta mitt veikt og vegna deyfilyfjanna varð ég stöðugt veikari.

Að lokum var líkami minn svo vanur deyfilyfjunum, að þau hættu að virka. Ég varð að bíta í varirnar til þess að koma í veg fyrir að hljóða, og þegar kvölunum linnti ekki, hrópaði ég á meiri deyfilyf. Ekki fyrr en eftir 2–3 sprautur losnaði ég við þessar kveljandi þjáningar.

Ég man eftir þeim degi, þegar læknirinn tók af mér deyfilyfin. Hann sagði við mömmu: „Frú Baxter, þetta kemur henni ekki að neinu gagni lengur." Líkami hennar er orðinn svo vanur þessu. Hann tók allt burt frá rúminu mínu og sagði: „Ég er mjög hryggur að geta ekki gefið þér lengur morfínsprautur. Það er það eina sem ég get sagt nú." Ég var aðeins 9 ára þá. Ó, hvað næturnar voru langar, þegar ég lá og barðist við kvalirnar. Oft bylti ég mér lengi í rúminu til að fá stundarhvíld og mér fannst ég vera alveg magnþrota. Á eftir lá ég meðvitundarlaus, klukkustundum saman.

Ég var alin upp á trúuðu heimili. Mamma hafði kennt mér, alveg frá því ég man eftir mér, söguna um Jesú. Móðir mín trúði Biblíunni, og eins og hún sagði mér, væri Jesús hinn sami Frelsari í dag eins og forðum, þegar hann gekk um hér á jörðinni, og að hann læknaði einnig í dag, aðeins ef fólkið vildi trúa og setja traust sitt á hann. Þegar ég fékk kvalaköstin, voru bænir móður minnar eina huggun mín. Á dásamlegan hátt leiddi hún mig til Jesú og sagði mér, að sá dagur myndi koma að Jesús læknaði mig.

Móðir mín elskaði Jesú mjög mikið, og ég held að hún hafi skilið Hann betur en ég gerði mér nokkurn tímann ljóst. Hún virtist alltaf bera skyn á að segja réttu hlutina um Hann við mig. Hún gerði Jesú svo lifandi fyrir hugskotssjónum mínum. Þegar ég var 9 ára gömul, einmitt á tíma hræðilegra þjáninga, leiddi mamma mig til Jesú og ég frelsaðist.

Faðir minn hafði ekki trú á lækningu, en hann var mér góður faðir og aftraði mömmu aldrei frá því að biðja fyrir mér. Erfiðasti tíminn var, þegar mér var ekið á vagni eftir gangi sjúkrahússins og læknirinn stöðvaði vagninn og horfði niður niður á mig og sagði: „Betty, við höfum tekið myndir af bakinu á þér. Hver einasti liður er úr skorðum, beinin snúin hvert um annað, og svo þarftu að fá ný nýru. Svo lengi sem þú hefur þessi nýru, munt þú ekki hafa annað en kvalir."

Faðir minn sagði: „Ég skal gera allt sem í mínu valdi stendur, til þess að barnið mitt verði heilbrigt, en aldrei skal hnífur fá að koma nálægt henni."



Betty Baxter *Mynd/Amazon.com*

Aldrei hefur hefur nein aðgerð verið gerð á mér, nema í þetta eina skipti, þegar Jesús læknaði mig. Og hann skildi ekki eftir nein ör. Hve undursamlegt er það ekki, þegar Jesús gerir eitthvað fyrir okkur. Það er alltaf fullkomið og hefur aldrei slæmar afleiðingar.

„Jæja, hr. Baxter," sagði læknirinn, „við höfum enga von um að geta lagfært þennan beinarugling í líkama Bettyar. Farið með hana heim og reynið að gera henni lífið eins þolanlegt og hægt er."

Ég var 11 ára og hafði enga hugmynd um að læknarnir höfðu enga von og sendu mig heim til þess að deyja. Ég horfði á hann. „Já, hr. læknir, einhvern tímann mun Guð lækna mig, og þá verð ég sterk og heilbrigð!" Ég hafði trú þá, því mamma las mikið í Biblíunni og talaði um Jesú, svo trú mín var sterk. Tveir af eftirlætisritningarstöðum mömmu á þessum dögum voru: „Allt er mögulegt fyrir þann sem trúir" og: „Guði er ekkert ómáttugt."

Þau fóru með mig heim, úr því að læknirinn hafði sagt, að ekkert væri eftir nema dauðinn.

Af einhverri óþekktri orsök versnaði mér. Kvalirnar, sem ég hafði haft, urðu að engu í samanburði við þær, sem ég fékk nú, eftir að ég kom heim af sjúkrahúsinu. Og ég varð blind. Ég lá blind vikum saman. Síðan missti ég heyrnina og tungan lamaðist.

Ég kom ekki upp nokkru orði. Mér fannst ég vera umkringd hræðilegu myrkravaldi, sem reyndi að yfirbuga mig. Síðan hvarf blindan og ég fékk einnig heyrnina og lömunin í tungunni hvarf.

En á hverjum degi bað mamma með mér og sagði mér að Guð væri máttugur til þess að lækna líkama minn. Ég get ekki talið allar þær klukkustundir, sem ég lá dag eftir dag, án þess að sjá aðra en mömmu, pabba og lækninn. Þar sem ég lá öll þessi ár, einangruð frá heiminum, komst ég að raun um eitt. Læknarnir geta einangrað þig frá þínum nánustu, þeir geta bægt vinum þínum frá rúmi þínu, en þeir geta ekki einangrað þig frá Jesú, því hann hefur lofað: „Ég mun alls ekki sleppa þér og eigi heldur yfirgefa þig."

Það var á þessum sorgarárum sem ég kynntist Konungi konunganna.

Margir hafa spurt: „Hvers vegna læknaði Guð þig ekki þegar þú varst lítið barn, þar sem þú hafðir svo mikla trú?“ Ég veit það ekki. Vegir Guðs eru ekki okkar vegir. Guðs vegir eru hinir bestu. Eitt veit ég nú, að á þessum kvalafullu árum komst ég í lifandi, náið samband við Jesú.

Mamma var vön að baða mig á morgnana og síðan yfirgaf hún mig. Stundum gat ég heyrt, að einhver gekk hljóðlega fram hjá rúminu, og þar sem ég lá og hlustaði, furðaði ég mig á því hvort þetta væri mamma. Þá heyrði ég milda rödd, sem ég hafði lært að þekkja. Þetta var ekki rödd pabba og ekki rödd mömmu. Það var heldur ekki rödd læknisins. Það var Jesús sem talaði við mig. Fyrsta skipti, sem þetta kom fyrir, kallaði hann nafn mitt mjög milt. Hann þekkir líka nafn þitt og veit hvar þú býrð.

„Betty! Betty! Betty!“

Hann kallaði þrisvar áður en ég svaraði. Ég sagði: „Já, Herra, vertu hjá mér og talaðu svolítið við mig, því ég er svo einmana.“

Vildi Hann vera hjá mér og tala við mig? Já, Hann vildi það. Hann sagði margt, en einu mun ég ekki gleyma. Ég hygg að Hann hafi sagt einmitt þetta vegna þess að Hann vissi að það gladdi mig mest. Það var þetta sem Hann sagði: „Betty, ég elska þig.“ Jesús vildi af náð sinni líta til mín, sem var svo vansköpuð. Þegar pabbi reisti mig upp, var ég jafnhá og fjögurra ára gamall bróðir minn. Stórir hnútar höfðu vaxið út úr bakinu, sá efsti upp við hnakka og svo niður eftir öllu bakinu. Handleggirnir voru máttlausir alveg niður að úlnlið. Ég gat aðeins hreyft fingurna. Höfuð mitt var snúið og lá niður á brjóstið. Ég varð að drekka úr pela, því ég gat ekki lyft höfðinu. Svona var ég illa farin, þegar Jesús kom til mín og sagði að Hann elskaði mig. Ég sagði: „Jesú, hjálpaðu mér að vera þolinmóð, því ég veit að ég mun ekki gera neitt rangt svo lengi sem ég veit að þú elskar mig.“ Oft og mörgum sinnum hvíslaði Hann: „Mundu, barn, að ég mun aldrei gleyma þér og aldrei yfirgefa þig.“

Kæri vinur, ég er viss um að Jesús elskaði mig eins mikið þegar ég var krypplingur eins og nú, þegar ég er heilbrigð og fær um að vinna fyrir Hann.

Ég man þegar Jesús stóð við rúmið mitt, að ég sagði við Hann: „Jesú, veistu að læknarnir vilja ekki gefa mér meiri deyfilyf til þess að lina þjáningarnar. Ætli þú vitir hve miklar þjáningar ég hef í bakinu, þar sem hnútarnir eru?“

Og Jesús sagði: „Ó, já, ég veit það! Manstu ekki daginn, þegar ég hékk milli himins og jarðar og bar allar þjáningar heimsins og sjúkdóma á líkama mínum?“

Eftir því sem árin liðu, gaf ég upp alla von að verða heilbrigð með hjálp læknanna.

Dag einn kom pabbi inn til mín, lyfti hinum vanskapaða líkama mínum í fang sér og settist á rúmstokkinn. Hann horfði á mig og stór tár runnu niður eftir hinu hrjúfa andliti hans. „Gullið mitt,“ sagði hann, „þú hefur enga hugmynd um peninga, en ég hef látið frá mér alla mína peninga og meira en það, til þess að þú yrðir heilbrigð. Betty, pabbi þinn hefur farið eins langt og hann getur. Nú er engin von lengur.“

Hann tók upp vasaklútinn sinn og þurrkaði af sér tárin. Um leið og hann horfði á mig sagði hann: „Ég hygg að Jesús muni ekki láta þig þjást mikið lengur. Hann kemur bráðum og sækir þig, og þegar þú kemur hinum megin, þá gáðu vel að hverjum einstökum, sem kemur. Einn daginn munt þú sjá pabba þinn koma í gegnum perluhliðið.“ Ég vil um leið segja hér, að þótt ég hefði gefið upp alla von um hjálp frá mönnum, þá trúði ég enn á mátt Guðs.“ Dag nokkurn, áður en sólin settist, fékk ég slíkar óþolandi kvalir, að ég missti meðvitundina. Þrem tímum seinna sá móðir mín, að ég var næstum hætt að anda. Hún sótti lækninn. Eftir að hafa rannsakað mig, sagði hann: „Nú fer að líða að leikslokum, hún mun tæplega fá meðvitund aftur.“

Ég lá meðvitundarlaus í fjóra sólarhringa. Öll fjölskyldan kom og allar nauðsynlegar ráðstafanir voru gerðar.

Á fimmta degi man ég að ég opnaði augun. Mamma hallaði sér yfir rúmið og lagði kalda höndina á hið brennandi enni mitt. Mér fannst ég brenna innvortis. Það voru eins og hnífseggjar í bakinu á mér. Mamma sagði: „Betty, þekkir þú mig? Það er mamma.“ Ég gat ekki talað, en brosti til hennar. Hún lyfti hendinni mót himnum og byrjaði að lofa Guð, því hún fann að Guð hafði svarað bænum hennar, gefið henni mig á ný.

Þar sem ég lá og horfði á hana, hugsaði ég: „Hvort vildi ég nú heldur vera hjá mömmu og pabba, eða fara til þess staðar, sem mamma hafði lesið um fyrir mig, þar sem engar þjáningar eru?“

Ég man að mamma var vön að segja: „Betty, það eru engir krypplingar á himnum.“ Hún sagði, að á himnum væru engir sjúkdómar eða dauði og að Guð tæki sinn stóra vasaklút og þurrkaði burt öll tár frá augum okkar.

Þennan dag bað ég bænar, sem ég hygg að margir hafi gert: „Jesú, ég er frelsuð, og ég er reiðubúin að fara til þín. Kæri Jesú, öll þessi ár hef ég beðið um lækningu, en mér hefur verið neitað. Drottinn minn, ég hef gengið veginn á enda, og ég veit ekki hvað þú vilt. Viltu koma og sækja mig núna.“ Þegar ég var að biðja kom mikið myrkur yfir mig. Ég fann að dauðakuldinn fór um líkama minn. Í eitt augnablik fannst mér ég vera köld og öll hulin myrkri. Sem barn hafði ég alltaf verið hrædd við myrkrið, svo ég byrjaði að hrópa: „Hvar er ég? Hvaða staður er þetta? Hvar er pabbi? Ég vil fá pabba!“

En vinur minn, það kemur sá tími þegar faðir þinn getur ekki farið með þér. Það kemur sá tími sem móðir þín getur ekki farið með þér. Þau geta séð þegar þú dregur síðasta andardráttinn, en aðeins Jesús getur gengið veg dauðans með þér. Þegar myrkrið umkringdi mig, sá ég langan, dimman og þröngan dal. Ég gekk eftir þessum dal. Ég byrjaði að hrópa: „Hvar er ég? Hvaða staður er þetta?“ og langt í burtu heyrði ég mömmu segja lágt: „Jafnvel þótt ég fari um dimman dal dauðans, óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér.“

Ég man að ég sagði: „Þetta hlýtur að vera dauðans dalur.“ Ég bað um að mega deyja, því að mig langaði til þess að vera hjá Jesú, en þá varð ég að ganga í gegnum þennan myrka dal.

Vinur, eins víst og þú lifir nú, eins víst er það, að þú munt eitt sinn deyja, og þegar dauðinn kemur, þá verður þú að ganga í gegnum þennan dal. Ég er viss um að ef þú átt ekki Jesú, þá verður þú að ganga einn í gegnum þennan dauðans dimma dal.

Ég var varla komin á enda þegar staðurinn var lýstur eins og um hábjartan daginn.

Ég fann að eitthvað sterkt og fast tók í hönd mína. Ég þurfti ekki að gá að því hver þetta var. Ég vissi að þetta var hvorki hönd mömmu né pabba. Ég vissi að þetta var hönd Jesú, höndin með naglaförunum, sem hafði frelsað sál mína. Hann tók þétt í hönd mína og við héldum áfram eftir dalnum. Ég var ekki hrædd lengur.

Ég var hamingjusöm, því nú var ég á leiðinni heim. Mamma hafði sagt mér, að á himnum myndi ég fá nýjan líkama, sem væri lýtalaus, í staðinn fyrir hinn vanskapaða.

Að lokum heyrðum við söng í fjarska, hinn dásamlegasta söng sem ég hef nokkurn tíma heyrt. Við gengum hraðar. Við komum að breiðri á, sem aðskildi okkur frá þessu dásamlega landi. Ég leit yfir á hinn árbakkann og sá grænt gras, blóm í öllum litum, dásamleg blóm sem aldrei deyja. Ég sá móðu lífsvatnsins sem rann í gegnum borg Guðs. Á árbökkunum stóðu skarar sem voru endurleystir í hinu dýra blóði Lambsins og sungu Guði lof. Ég horfði á þá. Engin var vanskapaður, og andlitin báru ekki merki þjáninga. Ég sagði: „Eftir augnablik mun ég fara og sameinast hinum fagnandi skara, og á því augnabliki, sem ég verð þar, mun ég verða teinrétt.“

Ég var ókvíðin að fara yfir. Ég vissi að ég myndi ekki fara ein yfir, því Jesús var með mér. En í þeirri andrá heyrði ég rödd Jesú, og ég hlustaði með eftirtekt eins og alltaf þegar ég heyri rödd Meistarans. Með mikilli blíðu og kærleika sagði Jesús: „Nei, Betty, það er ekki enn þá kominn þinn tími til að fara yfir vatnið.

Farðu aftur og ljúktu því hlutverki, sem ég kallaði þig til þegar þú varst níu ára gömul. Farðu aftur, því þegar haustið kemur, þá mun ég lækna þig.“
Þar sem ég stóð og hlustaði á Jesú, verð ég að viðurkenna, að ég var hrygg. Ég man að ég sagði, og tárin runnu niður kinnar mínar: „Jesú, hvers vegna neitarðu mér að koma núna, þar sem ég er svo nálægt hamingjunni og heilsunni? Ég sem hef ekki átt neinn sælan dag í lífi mínu. Hvers vegna má ég ekki koma núna, þegar ég er svo nálægt himninum?“

Þá hugsaði ég: „Hvað er ég eiginlega að segja?“ Um leið og ég sneri mér að Jesú, sagði ég: „Drottinn, ég er mjög hrygg, þinn vegur er betri en minn vegur. Ég vil fara aftur til baka.“

Ég komst hægt og hægt til meðvitundar aftur. Þá sagði læknirinn að ég myndi ekki lifa nema yfir sumarmánuðina. Vikum saman gat ég ekki talað. Hnútarnir á bakinu uxu. Ég heyrði að mamma sagði: „Pabbi, sjáðu hnútana, þeir eru svo harðir, og þeir hafa vaxið. Hún hlýtur að þjást mikið.“ Ég gat engum sagt frá, hvernig mér leið.

Ég veit hvað það er að þjást svo mikið, að ég varð að bíta í varirnar, svo að mamma gæti sofið.

Vorið kom. Allir í Martin County, Minnesota, vissu að litla dóttir Baxterhjónanna væri að deyja. Margir heimsóttu mig, en mestallan tíman var ég meðvitundarlaus. Þegar ég var með sjálfri mér, var mér klappað á öxlina og nokkur vingjarnleg orð voru sögð og síðan gengið hljóðlega út.

Þegar ég var með meðvitund, missti ég aldrei vonina. Ég gat ekki talað hátt, en í hjarta mínu sagði ég: „Strax og haustið kemur, þá munt þú lækna mig, er það ekki Jesú?“ Ég efaðist ekki, því Jesús hefur aldrei svikið loforð. Jesús stendur við orð sín. Ég varðveitti þá trú, að Hann myndi lækna mig, þegar haustið kæmi.

Það sama sumar, þann 14. ágúst, gat ég talað aftur. Ég hafði ekki talað vikum saman og ég sagði: „Mamma, hvaða dagur er í dag?“ Hún sagði, að það væri 14. ágúst. Pabbi kom til mín um kvöldið. Ég sagði:
„Pabbi hvar er stóri stóllinn? Viltu vera svo vænn að setja kodda í hann og setja mig svo í hann?“ Ég gat ekki setið nema á einn veg, með höfuðið á hnjánum og handleggina hangandi niður. Ég sagði: „Pabbi, þegar þú ferð út, viltu þá loka dyrunum. Viltu biðja mömmu að koma ekki strax, því mig langar til þess að vera ein.“ Ég heyrði að pabbi var grátandi þegar hann yfirgaf herbergið og spurði mig einskis. Hann vissi af hverju ég vildi vera ein. Ég ætlaði að tala við Jesú.

Vinur minn, mig langar til að segja þér, að þú getur líka fengið að tala við Jesú. Á öllum tímum sólarhringsins er hann tilbúinn að tala við þig.

Ég heyrði að pabbi lokaði dyrunum. Ég byrjaði að gráta. Ég vissi ekki hvernig ég átti að biðja. Það eina sem ég vissi, að ég gat gert, var að tala við Jesú. Ég sagði: „Herra, þú manst fyrir mörgum mánuðum, ég var næstum komin til himins, en þú vildir ekki leyfa mér að koma inn fyrir. Kæri Jesú, þú lofaðir þá, að ef ég færi til baka, þá myndir þú lækna mig þegar haustið kæmi. Ég spurði mömmu í morgun, hvaða mánaðardagur væri, og hún sagði að það væri 14. ágúst. Jesú, ég geri ráð fyrir, að þér finnist ekki vera komið haust vegna þess að það er svo heitt ennþá, en Herra, ætli þú viljir ekki kalla þetta haust, aðeins í þetta eina skipti og koma að lækna mig.

Þjáningarnar eru svo miklar, Jesú. Ég hef farið eins langt og ég get. Ég get ekki afborið þjáningarnar lengur. Kæri Jesú, viltu ekki kalla þetta haust og koma og lækna mig?“ Ég hlustaði. Allt var svo hljótt. En ég gafst ekki upp. Ég hygg að ég hafi beðið öðruvísi en aðrir. Ef ég heyri ekkert frá himnum, þá bið ég þangað til Jesús svarar mér. Ég hélt áfram að hlusta.

Þegar ekkert svar kom, byrjaði ég að gráta á ný. Ég sagði: „Drottinn, ég skal segja þér hvað ég ætla að gera. Ég vil semja við þig. Ef þú vilt lækna mig og gjöra mig heila, bæði útvortis og innvortis, þá skal ég fara og boða Guðs orð á hverju kvöldi, þangað til ég verð 90 ára gömul.“

Hlustaðu á mig, Guð vissi að ég var sönn. Ég bað aftur og aftur: „Drottinn, ég vil gera meira en það, ef þú vilt lækna mig svo að ég geti notað handleggi mína og orðið fullkomlega heilbrigð, þá skal ég gefa þér allt mitt líf. Það skal ekki lengur tilheyra Betty Baxter. Það skal algjörlega verða þín eign.“

Ég hlustaði, eftir að hafa gefið þessi hátíðlegu loforð. Þetta skipti var mér launað. Ég heyrði rödd Jesú tala greinilega við mig. Hann sagði þessi orð: „Ég mun lækna þig algjörlega, sunnudaginn 24. ágúst kl. 3 eftir hádegi.“

Straumur vonar og eftirvæntingar fór í gegnum líkama minn og sál. Jesús hafði sagt mér dag og stund. Hann veit allt.

Mín fyrsta hugsun var: Nú verður mamma glöð, þegar ég segi henni þetta. Hugsaðu þér hvað hún verður hamingjusöm, þegar ég segi henni, að ég viti dag og stund. Þá talaði Jesús aftur til mín og sagði: „Nei, segðu ekki þetta, fyrr en minn tími kemur.“

Ég hugsaði: „Ég hef aldrei leynt mömmu neinu. Hvernig get ég varðveitt þetta leyndarmál?“ Áður en ég læknaðist, reyndi ég ávallt að breyta rétt, til þess að ég hryggði ekki Guðs Anda. Ég óttaðist því að segja mömmu frá því, sem ég vissi.

Eftir að Jesús sagði mér þetta, fannst mér ég vera sem ný manneskja. Ég gleymdi hinum hræðilegu kvölum og allt of tíðum hjartslætti. Ég vissi að, 24. ágúst myndi koma og ég verða heilbrigð. Ég heyrði að dyr voru opnaðar og mamma kom inn. Hún kraup við rúmið og horfði á andlit mitt. Ó, hve mig langaði til að segja henni, hvað Jesús hafði sagt við mig. Það var hið erfiðasta fyrir mig, að mega ekki segja henni það.

Ég horfði á mömmu. Ég hugsaði: „Það hefur eitthvað komið fyrir hana. Hún var svo fögur og ungleg í dag.“ Þá datt mér í hug, að hún hlyti að líta svona vel út, vegna þess að ég vissi leyndarmálið um lækninguna næsta sunnudag. Ég leit aftur á hana, og var viss um að eitthvað hafði komið fyrir hana. Augu hennar höfðu aldrei haft slíkan glampa fyrr. Þá hallaði hún sér allt í einu að mér, strauk hárið frá enninu og sagði: „Elskan mín, veistu hvenær Jesús kemur að lækna þig?“ Ó, já, ég vissi það. En ég gat ekki sagt henni það. Ég gat ekki sagt: Nei, því þá hefði ég ekki sagt satt. Þá sagði ég: „Hvenær?“

Mamma brosti og sagði: „Sunnudaginn 24. ágúst kl. 3 eftir hádegi.“

Ég sagði: „Mamma, hvernig veistu þetta? Hef ég óvart sagt þér það?“

Hún sagði: „Nei, en hinn sami Guð, sem talar við þig, talar einnig við mig.“ Þegar móðir mín sagði þetta, varð ég enn öruggari að Guð myndi lækna mig þann 24. ágúst.

Ég sagði: „Mamma, heldur þú, að ég verði ekki stærri? Eru hnútarnir á bakinu farnir?“ Hún horfði á mig og sagði: „Nei, Betty, með hverjum degi sem líður, verður þú bognari og hnútarnir hafa vaxið.“

Ég sagði: „Trúir þú enn, að Guð muni lækna mig þann 24. ágúst?“ Hún sagði: „Ég er alveg viss, allt er mögulegt. Aðeins ef við trúum.“

Nýr kjóll

„Mamma, talaðu við mig,“ sagði ég. „Ég hef ekki verið í kjól síðan ég var lítið barn. Ég hef allt mitt líf verið í náttkjól. Ég hef aldrei komið í skó. Mamma, þegar Jesús læknar mig á sunnudaginn, þá ætla ég á samkomu um kvöldið. Búðirnar eru lokaðar á sunnudaginn. Mamma, ef þú í raun og veru trúir, að Jesús muni koma og lækna mig, viltu þá ekki fara til Fairmont í dag og kaupa ný föt handa mér? Mamma, viltu það ekki?“

Móðir mín sýndi trú sína í verki. „Já, barnið mitt, ég skal fara og kaupa föt, sem þú getur verið í á sunnudagskvöldið,“ sagði hún. Þegar hún var að leggja af stað, þá kom pabbi og stöðvaði hana og spurði hana hvert hún væri að fara. „Ég ætla til bæjarins og kaupa nýja skó og nýjan kjól handa Betty,“ sagði mamma. „Nei, mamma, við getum ekki keypt kjól handa henni, áður en hún fer frá okkur, og við skulum ekki hugsa um það fyrr en hún fer frá okkur og heldur ekki hugsa um það fyrr en það verður,“ sagði pabbi.

„Ó, nei, Jesús hefur gefið henni loforð um að hann muni lækna hana sunnudaginn 24. ágúst, og ég hef fengið það sama loforð. Nú fer ég til Fairmont, til þess að kaupa ný föt handa henni.“

Móðir mín kom með þau heim og sýndi mér þau. Mér fannst þetta fallegasti kjóllinn, sem ég hafði nokkurn tíma séð. Skórnir voru úr góðu leðri og voru mjög fallegir.

Nú liggur þessi gamli, blái kjóll ásamt öðru á botni gamallar kistu á heimili foreldra minna í Iowa.

Eftir að ég læknaðist, var ég alltaf í honum, þangað til gat kom á hann, við að núa hann við prédikunarstólinn, þaðan sem ég talaði. „Mamma, heldurðu ekki að ég verði falleg, þegar ég er orðin bein og get verið í þessum fallega kjól og skóm?“ sagði ég.

Þegar einhver kom í heimsókn, var ég vön að segja: „Mamma, komdu hingað með kjólinn og skóna mína, og lofaðu vinum mínum að sjá.“ Þeir horfðu á mig, svo á kjólinn og síðan á mömmu. Ég vissi að þeir hugsuðu sitt um mig, en ég vissi nákvæmlega hvað átti að gerast 24. ágúst.

Gamall nágranni okkar, sem var mikill drykkjumaður, kom í heimsókn. Ég bað mömmu að sýna honum kjólinn og skóna.

Ég spurði hann, hvort hann hefði nokkurn tíma séð mig ganga. Hann kvað nei við því. „Langar þig ekki til þess?“ Jú, það vildi hann gjarnan. „Jæja, komdu þá hingað á sunnudaginn eftir hádegi, því að klukkan þrjú mun Jesús koma og lækna mig. Ef þú getur ekki komið hingað, þá farðu til Gospel Tabernacle um kvöldið, því ég ætla að vera þar.”

Hann horfði á mig og sagði: „Ef sá dagur kemur, að ég sé þig ganga, þá mun ég ekki aðeins verða trúaður, heldur einnig Hvítasunnumaður.“

Já, það er til fólk sem segir: „Ef ég sé kraftaverk, þá mun ég trúa.“ En ef þú trúir ekki fyrr, muntu einnig þá örugglega finna einhverja afsökun til þess að hafna Jesú. Þessi maður hefur séð mig ganga og einnig heyrt ævisögu mína, en hann hefur enn ekki tekið trú á Jesú.

Laugardagurinn 23. ágúst rann upp. Móðir mín svaf alltaf inni hjá mér. Þetta kvöld, eftir að allir voru gengnir til náða, kom hún inn og ég sofnaði.

Þegar áliðið var nætur, vaknaði ég. Tunglsljósið skein inn um gluggann minn og yfir rúmið. Ég heyrði einhvern tala, og ég hélt að það væri pabbi, sem væri að tala við mömmu. Þá sá ég í tunglsljósinu krjúpandi veru með upprétta handleggi. Það var mamma, og tárin runnu niður eftir kinnum hennar. Hún bað: „Kæri Jesú, ég hef reynt að vera Betty góð móðir. Ég hef gert það, sem ég hef getað til þess að kenna henni um þig. Kæri Jesú, ég hef aldrei vikið burt frá henni, en ef þú læknar hana, þá er ég fús til þess að láta hana fara hvert sem þú vilt, jafnvel yfir hið stormasama haf, vegna þess að þú munt gera það á morgun, sem enginn annar getur gert. Hún tilheyrir þér, Jesú. Á morgun er dagurinn. Þú munt gera hana frjálsa, er ekki svo, Jesú?“ Ég sofnaði aftur. Ég gat ekki staðið upp til þess að biðja, en mamma var á verði fyrir mig. Vegna hennar trúar og bæna á ég lifandi trú á Guð í dag. Hann er sannarlega máttugur að lækna öll mein.

Sunnudagurinn rann upp. Pabbi fór með bræður mína og systur í sunnudagaskólann. Við heyrðum að hann hafði beðið um fyrirbæn fyrir mig og sagt um leið alveg niðurbrotinn, að ég væri miklu verri og að ég myndi bráðum deyja, ef Guð gripi ekki inn í.

Ég hafði beðið forstöðumann safnaðarins að vera viðstaddan klukkan 3:00, en hann gat ekki komið.

Móðir mín bauð nokkrum vinum og bað þá að koma klukkan 2.30, því að klukkan 3.00 mundi kraftaverkið eiga sér stað. Þeir komu klukkan 2.00 og sögðu: „Frú Baxter, við komum snemma, því við vitum að eitthvað mun gerast, og við viljum ekki missa af neinu.“ Það var þetta andrúmsloft, sem umkringdi mig, þegar ég tók á móti lækningunni.

Fimmtán mínútum fyrir klukkan þrjú kom mamma til mín og ég spurði hana, hvað klukkan væri. „Það eru nákvæmlega fimmtán mínútur þangað til Jesús kemur að lækna þig,“ sagði hún. „Mamma, viltu setja mig í stóra stólinn?“ sagði ég. Hún bar mig og kom hinum vanskapaða líkama mínum fyrir í stólnum og studdi mig með koddum. Vinirnir krupu í kringum stólinn. Ég leit á yngsta bróður minn þar sem hann stóð. Hann var aðeins fjögurra ára og mér varð ljóst að ég var ekki stærri en hann. Hann kraup því næst við hlið mér, horfði á mig og sagði: „Betty, nú er ekki langt þangað til þú verður stærri en ég.“ Tíu mínútum fyrir þrjú spurði mamma mig, hvað ég vildi að þau gerðu. „Mamma, byrjaðu að biðja, ég vil vera biðjandi, þegar Jesús kemur.“ Ég heyrði að hún grét og bað Jesú að koma og leysa mig og lækna.

Hvernig Jesús kom

Ég missti ekki meðvitund, en ég var hrifin burt í Anda. Ég sá tvö gömul tré við vegkant, þau voru há og bein. Þar sem ég horfði á þetta, tók annað þeirra að bogna, þangað til trjákrónan náði til jarðar. Ég undraðist mjög hvers vegna það bognaði þannig. Þá sá ég Jesú koma eftir veginum. Hann kom gangandi milli trjánna, og ég gladdist mjög, eins og ætíð, þegar ég sé Jesú. Hann kom og staðnæmdist við bogna tréð. Um leið og hann leit á mig, brosti hann og setti hönd sína á tréð. Með miklu braki rétti það úr sér og varð jafnhátt hinu. „Þannig mun verða með mig,“ sagði ég, „Jesús mun snerta líkama minn, og það mun braka í beinunum, og ég mun verða teinrétt.“

Skyndilega heyrði ég þyt af miklum stormi. Ég heyrði hvininn í vindinum. Ég reyndi að tala gegnum storminn: „Hann kemur! Heyrið þið ekki í honum?“ Loks varð allt kyrrt og hljótt, og ég vissi að í þessari kyrrð myndi Jesús koma.

Ég sat í stóra stólnum, hjálparvana krypplingur. Mig þyrsti svo að sjá hann! Þá sá ég myndast hvítt ský, en ég var að vonast eftir öðru en skýi. Þá kom Jesús út úr skýinu. Hann gekk hægt á móti mér, og ég starði á andlit hans. Það sem er áhrifamest við andlit Jesú eru augu hans. Hann var hár og herðabreiður, klæddur skínandi hvítum klæðum. Hárið var brúnt og skiptist í miðju. Það féll niður á axlirnar í mjúkum bylgjum. En ég mun aldrei gleyma augum hans. Oft þegar ég er mjög þreytt og er beðin að gera eitthvað fyrir Jesú, þá vildi ég gjarnan getað sagt nei. En þegar ég minnist augna frelsara míns, sem ég sá svo skýrt, þá er eins og augu hans neyði mig til að fara út á akurinn til þess að vinna fleiri sálir fyrir hann.

Jesús kom hægt á móti mér með útbreiddan faðminn. Ég sá vel hin djúpu naglaför í höndum hans. Og eftir því sem hann kom nær mér sá ég naglaförin betur og betur. Þegar hann var kominn næstum alveg til mín, fannst mér ég svo ógnarlítil og óverðug. Ótti kom yfir mig. Ég var ekki annað en lítil stúlka, gleymd og vansköpuð. Þá brosti hann til mín og ég var ekki lengur hrædd. Hér var kominn frelsari minn. Við horfðumst í augu. Aldrei hef ég séð augu svo full af fegurð og meðaumkun. Jesús kom og stóð við stólinn minn. Annað skikkjulaf kyrtils hans snerti stólinn, sem ég sat í. Og ef handleggir mínir hefðu ekki verið lamaðir hefði ég getað tekið í skikkjuna. Ég hafði alltaf hugsað mér að tala sjálf við hann og biðja hann að lækna mig. En ég gat ekki sagt eitt einasta orð. Ég gat aðeins horft á hann. Og ég festi augu mín á ástúðlegu andliti hans. Þannig reyndi ég að segja honum hversu mjög ég þarfnaðist hans. Jesús laut niður, horfði á mig og talaði lágt. Enn get ég heyrt hvert orð, því þau eru rituð í hjarta mitt. Hann sagði mjög blíðlega: „Betty, þú hefur verið þolinmóð og góð.“

Þegar Jesús sagði þessi orð, fannst mér ég geta þjáðst í fimmtán ár í viðbót, ef ég mætti halda áfram að líta auglit hans og heyra hann tala til mín.

„Ég lofaði þér heilbrigði, gleði og hamingju,“ sagði hann. Ég sá að hann rétti út höndina og ég beið. Þá fann ég, að hann kom við hnútana sem voru á baki mínu. Margir hafa spurt mig: „Verður þú aldrei þreytt á að segja frá lækningu þinni?“ Nei, öðru nær, því að í hvert skipti sem ég segi frá því, finn ég á ný fyrir hendi hans.

Jesús lagði lófa sinn á einn af stóru hnútunum á miðju baki mínu. Um leið fann ég fyrir mjög miklum hita, það var eins og eldur færi um allan líkama minn. Tvær hlýjar hendur gripu því næst um hjarta mitt og þrýstu það. Hendurnar komu hjarta mínu aftur fyrir á réttum stað og þá fór ég að geta andað eðlilega í fyrsta skipti í lífi mínu. Hendur Jesú struku mig yfir lífið og meltingarfærin og ég vissi að öll innri líffærin voru orðin heilbrigð. Nú þurfti ég ekki að fá ný nýru, og ég myndi verða fær um að melta allan mat, því Jesús hafði læknað mig. Þessi hitatilfinning fór um líkama minn. Ég horfði á Jesú til þess að sjá hvort hann myndi yfirgefa mig nú, þegar hann hafði læknað mig innvortis.

Jesús brosti og ég fann þrýsting af höndum hans á hnútunum. Þegar hendur hans fóru um bakið á mér var eins og rafstraumur færi í gegnum mig og ég stóð á fætur og gat þá staðið teinrétt eins og ég geri núna þegar ég tala til ykkar í kvöld.

Ég hafði fengið lækningu, bæði innvortis og útvortis. Á tíu sekúndum hafði Jesús læknað mig fullkomlega. Hann gerði það á andartaki, sem enginn læknir á jörðu hafði getað. En læknirinn mikli gerði það. Hann gerði það fullkomlega. Þú spyrð ef til vill: „Betty, hvernig fannst þér það vera, þegar þú hoppaðir niður úr stólnum?“ Þú munt aldrei skilja það nema þú hafir verið krypplingur. Ég hljóp til mömmu og sagði: „Mamma, eru hnútarnir horfnir?“ Hún þreifaði eftir öllu bakinu á mér og sagði: „Já, nú eru þeir horfnir! Ég heyrði að það brakaði í beinunum, Betty, þú ert læknuð. Þú ert læknuð! Lofaðu Guð!“ Ég sneri mér við og leit á auða stólinn og tár runnu niður eftir kinnum mínum. Líkami minn var tilfinningalaus, vegna þess að nú hafði ég ekki lengur kvalir, en þær hafði ég alltaf haft.


Mér fannst ég vera svo stór, því ég hafði næstum verið tvöföld, með höfuðið niður á brjósti. Ég lyfti upp handleggjunum og svo kleip ég í annan þeirra. Ég var búin að fá tilfinningu í handleggina, þeir voru ekki lengur máttlausir.

Þá leit ég á litla bróður minn, sem stóð við stólinn. Stór tár runnu niður eftir kinnum hans. Um leið og hann leit upp heyrði ég að hann sagði: „Ég sá Betty hoppa niður út stólnum. Ég sá Jesú lækna hana.“ Hann var frá sér numinn af gleði. Rétt bak við bróður minn stóð Jesús enn. Hann horfði á mig frá hvirfli til ilja. Ég var teinrétt og heilbrigð.
Um leið og hann horfði í augu mér fór hann að tala hægt og það vil ég segja ykkur hér í kvöld: „Þú munt aldrei gleyma því, Betty, ég hef uppfyllt bæn hjarta þíns og læknað þig.“

Hann þagnaði eitt andartak og horfði rannsakandi augnaráði á mig. Hann hélt svo áfram og hin milda rödd hans talaði með valdi: „Mundu að gá að skýjunum á hverjum degi. Vertu vakandi. Næst þegar þú sérð mig koma, kem ég í skýjunum og þá mun ég ekki skilja þig eftir, því ég vil að þú verðir með mér um tíma og eilífð.”

Kæri vinur, Jesús kemur skjótt!

Margrét Guðnadóttir íslenskaði


Sjónvarpsstöðin
Omega
Boðskapurinn hefur snert líf,
kveikt trú og umbreytt sálum.
Omega.is
Sjónvarp Símans #18